


# Búnaðarsamband Suðurlands Ársrit 2014

45. árgangur 1. tbl. 2015



Mynd: Halla Eygló Sveinsdóttir

# BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS

Stofnað 6. júlí 1908

Búnaðarfélag 31, búgreinafélag 6, félagatala 1458, mars 2015.

## Aðalstjórn:

Ragnar Lárusson, Stóra-Dal, í stjórn frá 2006, formaður 2014

Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi í stjórn frá 2008.

Baldur I Sveinsson, Litla-Ármóti í stjórn frá 2014

Erlendur Ingvarsson, Skarði, í stjórn frá 2012.

Jón Jónsson, Prestsbakka, í stjórn frá 2010.

## Varstjórn:

María Hauksdóttir, Geirakoti.

Helgi Eggertsson, Kjarri.

Oddný Steina Valsdóttir, Butru.

Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum.

Sigurjón Eyjólfsson, Eystri-Pétursey

## Skoðunarmenn:

Theodór Vilmundarson, Efsta Dal, frá 2012.

Páll Eggertsson Arngeirsstöðum, frá 2014

## Starfsfólk:

	Sími
Sveinn Sigurmundsson, frá 1983, frkvstj. frá 1. okt. 1987	480-1801
Ólafur Þór Þórarinsson, frá 1. febrúar 1990	480-1802
Helga Sigurðardóttir, frá 1. sept. 1999	480-1804
Brynja Marvinsdóttir, frá 1. ágúst. 2010	480-1800
Halla Kjartansdóttir, frá 1. des 2010	480-1811
Grétar Már Þorkelsson, frá 1. jan 2005. Verkefnaráðinn	864-6487

## Starfsmenn bændabókhalds:

Skafti Bjarnason, Brautarholti	480-1830
Sigríður Emilsdóttir, Selfossi	480-1832
Kristín Björnsdóttir, Selfossi	480-1831
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti	486-8987
Sigurlaug Jónsdóttir, Hraunkoti	480-1819
Sigrún Böðvarsdóttir, Prestsbakka	480-1819

## Starfsmenn Kynbótastöðvar Suðurlands og starfssvæði:

	Sími
Sveinn Sigurmundsson Framkvæmdastjóri frá 1. maí 1996	480-1801
Bragi Ágústsson Hluti Flóa, Skeið, Vesturhluti Árn.	871-2056
Úlfhéðinn Sigurmundsson Hreppar, hluti Tungna	871-5563
Halldór Eiðsson Rangárþing frá V-Landeyjum. Hluti Flóa	871-8611
Smári Tómasson Frá Vík að vesturhluta Landeyja	871-1410
Sigríður Böðvarsdóttir Skaftárhreppur	871-4719

## Klaufskurður Kynbótastöðvar Suðurlands:

Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti	867-4104
Birkir Þrastarson, Hæli	897-4482

**Tilraunabúið Stóra-Ármóti:**

Grétar Hrafn Harðarsson, tilraunastjóri frá 1. des. 1999. Lét af störfum 31. des 2014  
 Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson frá 1. sept 2001 482-1058

**Sauðfjársæðingastöðin Þorleifskoti:**

Sveinn Sigurmundsson, umsjón frá 1. apríl 1986 480-1801

**Formenn búnaðarfélaga 2014:**

	sími
Ölfus: Pétur B. Guðmundsson, Hvammi, 801 Selfoss	483 4456
Þingvallasveit: Gunnar Þórisson, Fellsenda, 801 Selfoss	482-2683
Grímsnes: Björn Snorrason, Björk, 801 Selfoss	486-4476
Bláskógabyggð: Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð, 801 Selfoss	486-8648
Hrunamannahr.: Aðalsteinn Þorgeirsson, Hrafnkelsstöðum, 845 Flúðir	486-6605
Gnúpverjahlr.: Einar Gestsson, Hæll 2, 801 Selfoss	486-1058
Skeið: Jón Vilmundarson, Skeiðháholti, 801 Selfoss	486-5592
Hraungerðishr.: Baldur Indriði Sveinsson, Litla-Ármóti 801 Selfoss	482-1057
Sandvíkurhr.: Ari Páll Ögmundsson, Stóru-Sandvík, 801 Selfoss	482-3163
Eyrarbakka hr.: Pjetur N. Pjetursson, Sólvangi, 820 Eyrarbakki	554-5959
Stokkseyrarhr.: Björn Harðarson, Holti, 801 Selfoss	486-3407
Gaulverjab.hr.: Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli, 801 Selfoss	486-3377
Villingaholtshr.: Bjarni Pálsson, Syðri Gróf, 801 Selfoss	486-3430
Ásahreppur: Egill Sigurðsson, Berustöðum, 851 Hella	487-5068
Djúpárhreppur: Einar Hafsteinsson, Hábae, 851 Hella	487-5633
Holt: Daniel Magnússon, Akbraut, 851 Hella	487-6562
Landsveit: Hannes Ólafsson, Austvaðsholti, 851 Hella	487-6597
Rangárvellir: Ásgerður Sjöfn Guðmundsdóttir, Lambhaga, 851 Hella	487-5181
Hvolhrepps: Birkir Arnar Tómasson, Móeiðarhvoli 2, 861 Hvolsvöllur	487-8077
Fljótshlíð: Páll Eggertsson, Arneigsstöðum, 861 Hvolsvöllur	487-8380
V-Landeyjar: Ágúst Rúnarsson, Vestra-Fíflholti, 861 Hvolsvöllur	487-8593
A-Landeyjar: Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu 861 Hvolsvöllur	487-1185
V-Eyjafjöll: Ragnar Lárusson, Stóra-Dal, 861 Hvolsvöllur	487-8909
A-Eyjafjöll: Kristinn Stefánsson, Raufarfelli, 861 Hvolsvöllur	487-8866
Dyrhólahr.: Gunnar Þorsteinsson, Vatnsskarðshólum, 871 Vík	487-5868
Hvammshr.: Ólafur Þ. Gunnarsson, Giljum, 871 Vík	487-1369
Álftaver: Páll Eggertsson, Mýrum, 880 Kirkjubæjarklaustur	487-1351
Skaftártunga: Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ljótastöðum, 880 Kirkjub.kl.	487-1362
Leiðvallahreppur: Örn Karlsson, Sandhól, 880 Kirkjub.kl.	864-2015
Kirkjubæjarhr.: Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ 1 880 Kirkjub.kl.	487-4704
Hörgslandshr.: Bjarki V. Guðnason, Mariubakka, 880 Kirkjub.kl.	565-7839

**Formenn búgreinafélaga á Suðurlandi:**

Félag kúabænda Suðurlandi: Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ,	486-3380
Félag sauðfjorbænda V-Skaftafellssýslu: Fanney Ólöf Lárusdóttir, Kbkl	487-4888
Félag sauðfjorbænda Rangárvallasýslu: Erlendur Ingvarsson, Skarði	487-1590
Félag sauðfjorbænda Árnessýslu: Ágúst Ingi Ketilsson, Brúnastöðum 2	482-1032
Hrossaræktarsamtök Suðurlands: Sigríkur Jónsson, Syðri-Úlfstöðum,	487-8161
Loðdýraræktarfélag Suðurlands: Stefán Guðmundsson, Ásaskóla	486-6047

# Skýrsla formanns



Aðalfundurinn var haldin 11. apríl í félagsheimilinu á Flúðum. Á fundinum var kosið um stjórnarmenn úr Árnessýslu og gaf Guðbjörg Jónsdóttir formaður ekki kost á sér til endurkjörs og eru henni hér með færðar bestu þakkir fyrir hennar störf. Baldur I. Sveinsson á Litla-Ármóti var kosinn nýr aðalmaður í stjórn og Gunnar Kr. Eiríksson endurkjörinn.

Strax að aðalfundi loknum hélt stjórnin sinn fyrsta fund og skipti með sér verkum. Ragnar Lárusson var kjörinn formaður stjórnar, Gunnar Kr. Eiríksson, varaformaður, Jón Jónsson ritari og þeir Erlendur Ingvarsson og Baldur I. Sveinsson meðstjórnendur.

Á starfsárinu voru haldnir átta stjórnarfundir. Formannafundur Búnaðarsambandsins var haldin að Árhúsum 16. janúar 2015 þar voru búnaðarþingsfulltrúar einnig boðaðir. Gestur fundarins var Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna og flutti erindi um drög að tillögu félagskerfisnefndar sem lögð verður fyrir Búnaðarþing 2015 um félagskerfi Landbúnaðarins og um það helsta sem stjórn Bændasamtakanna hefur verið að fást við undanfarið.

Nokkur helstu mál sem stjórn BSSL hefur verið að vinna að á árinu eru meðal annars samskipti BSSL og RML. Kallaði stjórnin Eirík Blöndal á fund þann 27. nóvember til að ræða þau mál og fleira. Stjórn BSSL hefur áhyggjur af minnkandi þjónustustigi við bændur samfara aukinni gjalddöku. Auk þess hefur verið rætt hvort sameina eigi BSSL í eina rekstrareiningu.

Endurskoðendur telja þetta einfaldara en yfirsýnin verður kannski svolítið öðruvísi en er í dag.

Mikið hefur verið rætt um tilraunastarfið á Stóra-Ármóti og um þá tilraun sem gera átti í vetur um að reyna auka fituinnihald í mjólk en ekkert varð af. Grétar Hrafn hætti sem tilraunastjóri og í framhaldi af því fengum við stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi og formann LK til liðs við okkur og boðuðum til fundar við stjórn LbhÍ að Stóra-Ármóti til að reyna þrýsta á, að ráðinn yrði nýr tilraunastjóri.

Einnig var byggt nýtt fjárhús á Stóra-Ármóti, 308 m<sup>2</sup> að stærð og flutt inn í það, um mánaðarmótin nóvember-desember 2014. Stjórnin er sammála um að reyna nýta þá góðu aðstöðu sem skapast hefur til námskeiðahalds að Stóra-Ármóti og reyna efla tilraunastarfið með því að fá búgreinafélögin enn frekar að tilraunastarfinu. Búnaðarsambandið tók yfir sæðingarstarfsemi á Austurlandi í ársbyrjun 2015.

Kostnaður vegna félagsstarfs mun í auknum mæli leggjast á Búnaðarsambandið þar sem það mun greiða kostnað vegna búnaðarþingsfulltrúa sinna.

Þá ber að geta þess að formaður mætti á formannafund Bændasamtakanna sem haldinn var á Hótel Sögu 25. nóvember síðastliðinn.

Loks ber að þakka bæði stjórn og starfsfólki Búnaðarsambandsins fyrir gott samstarf á árinu.

Með kveðju Ragnar Lárusson



Sveinn Sigurmundsson



## Starfsemi Búnaðarsambandsins 2014

Á síðasta vetri var lítið um rigningar og asahláku. Svell sem komu í tún og lautir lágu lengi. Vorið var fremur hlýtt og þrýðis veðráttu í maí en víða kalskellur í túnnum sem jöfnuðu sig að mestu. Mesta tjónið er að sáðgresið deyr og önnur og lakari túngrös koma í staðinn. Sumarið var hinsvegar úrkomusamt hér sunnanlands og erfitt til heyskapar. Við skrið var víða óþurrkur og því ekki hægt að ná hámarksgæðum heyja nema hjá þeim sem slógu fyrir skrið. Heyfengur er því víða breytilegur að gæðum og vel þarf að gefa af kjarnfóðri til að halda mjólkurframleiðslunni uppi. Há spratt með minna móti líklega vegna útskolunar á áburðarefnum. Korn þroskaðist seinna vegna sólarleysis og víða í lágsveitum náði það sér ekki á strik vegna bleytu. Hægt gekk að þreskja kornið vegna ótíðar og svo varð mikill skaði á því vegna hvassviðris og ágangs gæsa og álfta. Haustið var hinsvegar milt og nóvember hlýr. Veturinn sýndi sig hinsvegar í byrjun desember en þá kólnaði verulega en lægðirnar og sumar þeirra djúpar héldu áfram að hringisóla yfir landinu en nú var úrkoman oft snjór.

Helstu verkefni sem eftir eru hjá Búnaðarsambandinu eru stjórnun og rekstur fyrirtækja þess ásamt eignamsýslu. Stærsta einstaka verkefnið er úttekt jarðabóta og úttekt á lýsingarbúnaði á garðyrkjubýlum og vatnsveituf framkvæmdir á lögbýlum. Í þennan málaflökk fóru rúmar 800 vinnustundir. Unnið var við túnkortagerð og verkefnum því tengdu sem nemur um 400 vinnustundum. Að vorinu var farið um sveitir og kalskemmdir metnar. Mat og greinagerð vegna ýmisskonar búfjártjóna var unnið og þá mest útaf salmonellusýkingum í kjúklingum. Umsagnir vegna stofnunar lögbýla voru gerðar sem og úttektir vegna styrks í Framleiðnisjóð. Þá situr undirritaður í fagráði um dýravelferð sem fundar einu sinni í mánuði. Vinna við undirbúning aðalfundar, gerð ársreikninga og útgáfu ársrits var að venju unnið á útmánuðum

Formannafundur var haldin að Árhúsum 17. janúar 2014. Á fundinn mættu Sigurgeir Sindri formaður og framkvæmdastjóri BÍ, Eiríkur Blöndal. Þeir ræddu málefni bændastéttarinnar, starfsemi BÍ og afdrif tillagna síðasta Búnaðarþings. Fjallað var um starfsemi og framtíð sambandsins. Sérstakur gestur var Jón Geir

Pétursson skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu en við hann var rætt um það mikla tjón sem verður af ágangi álfta og gæsa í ökrum og túnnum bænda. Á fundinn mættu búnaðarþingsfulltrúar og á fundinum urðu til vísar að tillögum til Búnaðarþings um tímabundið skotleyfi á álft og kanna sjúkdómatíðni í sauðfé í ljósi stækkunar varnarhólfa.

Búnaðarsambandið veitti verðlaun fyrir afurðahæsta kúabúið og afurðahæstu kúna á Suðurlandi á aðalfundi Félags kúabænda sem haldinn var í Árhúsum í lok janúar.

Undirritaður var starfsmaður framleiðslu- og markaðsnefndar á Búnaðarþingi og hafði bæði gagn og gaman af.

Á aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands sem haldinn var að Flúðum 11. apríl var kosið um nýjan stjórnarmann úr Árnessýslu, en Guðbjörg Jónsdóttir gaf ekki kost á sér. Kosning fór þannig fram að Baldur Indriði Sveinsson frá Litla-Ármóti var kosinn í aðalstjórn, varamenn eru þau Helgi Eggertsson, Kjarri og María Hauksdóttir, Geirakoti. Stjórnarfundur var haldinn í kjölfarið og var kosið um stjórnarskipan. Ragnar M. Lárusson, Stóra-Dal var kosinn formaður, Gunnar Kristinn Eiríksson, Tünsbergi varaformaður og Jón Jónsson, Prestsbakka ritari. Meðstjórnendur eru Baldur Indriði Sveinsson, Litla-Ármóti og Erlendur Ingvarsson, Skarði. Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands flutti ávarp og Jón Baldur Lorange ræddi um flutning á stjórnsýsluverkefnum frá BÍ til stofnana atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Helga Sigurðardóttir er vefsíðustjóri en 80 fréttir og tilkynningar fóru í loftið á síðasta ári sem við getum allvel við unað. Mikilvægt er að heimasíður séu uppfærðar reglulega því annars hætta menn að skoða þær.

Hjá Bændabókhaldinu voru unnin skattframtöl fyrir 186 bú sem er sama tala og í fyrra. Virðisaukaskýrslur voru unnar fyrir 120 aðila og er þar aukning. Reksturinn var í jafnvægi, velta upp á rúmar 25 milljónir og smávegis tap upp á 103 þúsund.

Seinnihlutann í nóvember sá Búnaðarsambandið um að halda fræðslufundi um sauðfjarrækt þar sem afrakstur hauststarfsins sem nú er á vegum RML var kynntur á

Jarðabótaúttektir 2014 ha					
Sýsla	Gras	Grænfóður	Korn	Olíujurtir	Alls
Árnessýsla	553	620	769	11	1954
Rangárvallasýsla	545	568	1154	57	2323
V-Skaftafellssýsla	166	198	165	104	633
A-Skaftafellssýsla	99	214	108	2	422
Samtals	1363	1600	2196	174	5333
Samtals 2013	1226	1510	2622	107	5466

fjórum fræðslufundum, einum fyrir hverja sýslu og veitt verðlaun fyrir efstu hrútana. Páll Stefánsson dýralæknir flutti fróðlegt og þarft erindi um lungnasjúkdóma í sauðfé. Hrútar Sauðfjársæðingastöðvarinnar voru einnig kynntir. Mæting var með almesta móti á þessa fundi en um 200 manns sóttu þá liðið haust.

Á yfirliti þessu um styrkhæfa ræktun á síðasta sumri má sjá að gras og grænfóðurrækt hefur heldur aukist en kornræktin hefur dregist saman um rúma 400 hektara en eins og menn muna var afar lök útkoma á kornræktinni árið 2013. Heildarhektarafjöldi er 5.333 ha á móti 5.466 ha árið áður. Á landsvísu er nærri helmingur þess lands sem tekið er út á Suðurlandi.

### Stóra Ármót

Bygging fjárhússins sem er 308 m<sup>2</sup> hófst er leið á vorið. Áður hafði grunnur verið tekinn og nauðsynleg jarðvinna unnin. Samið var við fyrirtækið Fossmót Selfossi um uppsteypu á sökkli og veggjum. Þá var samið við Límtré Vírnet ehf um límtrésburðarvirki og yleiningar. Samið var áfram við smiðina hjá Fossmótum þá Guðjón Gíslason og Guðjón Stefánsson og sáu þeir um alla smíðavinnu en bústjórnarnir unnu einnig mikið við bygginguna og í lok nóvember var flutt inn




Fjárhúsið Stóra Ármóti

með féð í glæsilegt og vel heppnað hús. Kostnaður er liðlega 25 milljónir sem er svipað því og áætlanir gerðu ráð fyrir. Þegar systkinin Stóra Ármóti afsöluðu sér jörðinni til Búnaðarsambandsins var það m.a. með eftirgreindu skilorði. „Að á jörðinni verði á vegum Búnaðarsambands Suðurlands rekin starfsemi í þágu landbúnaðarins, einkum starfsemi tengd sauðfjárrækt“.

Síðan þá hefur sauðféð verið á hrakhólum og nú síðast inni í hlöðu. Tilgangurinn með fjárhúsbyggingunni er því tvíþættur. Verða við ósk systkinina og bæta aðstöðuna fyrir féð og geta betur sinnt námskeiðahaldi t.d. í sauðfjársæðingum, rúningi, samræminganámskeiði v. sauðfjárdóma ofl.

Stjórn BSSL og sunnlenskir kúabændur hafa verið afar óhressir með að tilraun um áhrif fóðrunar á efnasamsetningu mjólkur og þá einkum fituinnihalds í mjólk skyldi frestast. Um leið og markaðurinn kallar á aukna mjólkurfítu varð fall í fituinnihaldi innveginna mjólkur. Þörfin á að athuga orsakasambengið nánar er því mjög brýn. Búið var að skipuleggja tilraunina, ráða tilraunamann og fá 5 milljóna króna styrk frá Þróunarsjóði nautgriparræktarinnar en sökum manneklu hjá LbhÍ var ákveðið að fresta tilrauninni um óákveðinn tíma. Lögin um tilraunastöðina Stóra Ármóti hafa verið felld úr gildi og þá um leið samningur sá sem kvað á um starf tilraunamanns og tilraunastjóra. Yfirstjórn skólans hefur gefið út að það standi ekki til að ráða tilraunastjóra að sinni. Tilraunastarf á Stóra Ármóti er því miður í nokkurri óvissu en þó rétt að minnst á að LbhÍ hefur óskað eftir góðu samstarfi við BSSI um tilraunastarf á Stóra Ármóti.



### Sauðfjársæðingastöð

Heilsufar hrútana var yfirleitt gott en barkabólga herjaði þó á þá Stera 07-855 og Streng 09-891. Þrátt fyrir margítrekaðar meðhöndlunir og lyfjagjafir var ekki annað að gera en að farga þeim. Afföll verða oft þegar hrútonum er sleppt út á vorin. Robbi 11-900 fótbrotnaði vegna barsmíða og því varð að fella hann.

Fanghlutfall úr sæðingunum miðað við ferskt sæði var 69 % með 1,82 lömb eftir á en fyrsta sæðið var með 46 % fanghlutfall og 1,63 lömb eftir á.

Lokið var við að mála stöðina innandyra og svo var hita- og ofnakerfi endurbætt. Þá var unnið við viðhald á girðingum og í hrútahúsi.

Í nóvember voru djúpfrystir 1.068 skammtar af hrútasæði úr 19 hrútum. Af þeim voru rétt um 500 skammtar sendir til fjárbænda. Útsending á fersku sæði hófst í desember byrjun og lauk 21. desember. Fyrstu dagana var lítil útsending en að venju var ásóknin mest um miðbik tímabilsins og fór hæst þann 11. desember eða í rúmar 2.070 ær. Síðustu dagana minnkar svo ásóknin og margir fjárbændur byrjaðir að hleypa til.

Nokkrir hrútanna voru erfiðir í sæðistöku m.a Bursti



Kölski frá Svínafelli mest notaðaði hrúturinn haustið 2014.

frá Hesti sem gaf einungis sæði fyrstu dagana. Drumbur frá Bjarnastöðum gaf lítið sæði fyrri hluta tímabilsins en fór heldur skánandi þegar leið á. Sá hrútur sem mesta notkun fékk var Kölski frá Svínafelli en sæði úr honum var sent í 2.065 ær. Næstir komu Jóker frá Laxárdal með útsent sæði í 1.795 ær, Garri frá Stóra Vatnshorni með í 1.715 ær, Danni frá Sveinungsvík með sæði í 1.555 ær og Höfðingi frá Leiðólfstöðum með sæði í 1.540 ær. Sá kollótti hrútur sem mesta notkun fékk var Radix frá Hjarðarfelli með útsent sæði í 965 ær.

Alls voru 13.636 ær sæddar með fersku sæði frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands. Miðað við þá 22.080 skammta sem sendir voru út, er því um 61,7 % nýtingu á sæði að ræða. Ef við tölum um 70 % nýtingu á útsendu sæði hefur sæði í 1.820 ær farið í súginn vegna ótíðar. Beinn fjárhagslegur skaði nemur um einni milljón króna. Þátttakan í sauðfjársæðingum á Suðurlandi er meiri en árið á undan alls 8.905 ær sæddar á móti 8.615 ám árið 2013. Aftur á móti minnkar notkunin utan Suðurlands um 1.109 ær eða úr 5.871 ám sæddum 2013 í 4.731 sæddar ær árið 2014.

Sama starfslið hefur nú verið í 6 ár eða frá árinu 2009 en þá tók Páll Stefánsson dýralæknir við sæðisblöndun af Þorsteini Ólafssyni sem þá hafði starfað við það frá 1986. Páll Þórarinsson hefur séð um sæðistöku og gegningar í hrútahúsi frá 1997. Árni Freyr Pálsson hefur séð um að leiða hrútana fram frá árinu 2005. Þóra Þórarinsdóttir hefur séð um að fylla á sæðisstráin, ganga frá pöntunum, þrif ofl frá árinu 2002. Gunnar Björnsson hefur séð um útkeyrslu á hrútasæði austur

### Sæddar ær með fersku sæði árin 2004-2014

Sýsla/ár	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004
S.Þingeyjarsýsla	604	999	906	931	1108	1160	1229	752	1175	1237	1367
N.Þingeyjarsýsla	394	633	544	440	808	652	815	528	585	700	246
A.Skaftafellsýsla	2200	1974	2173	2064	2007	1537	1694	1368	1457	960	1486
V.Skaftafellsýsla	1256	1356	1489	805	1186	1482	1724	1696	2060	2161	2299
Rangárvallasýsla	2336	2302	2300	2247	1927	2315	1799	1916	2050	2289	1987
Árnessýsla	3113	2983	3551	2943	2805	2537	2315	2179	2961	1932	2312
Vestmannaeyjar				5			15	25			
Húnavatnssýslur	1017	1150	1220	365	819	666	85	15	75	15	
Eyjafjarðarsýsla	586	614	531	340	309	600	513	280	628	531	662
Skagafjarðarsýsla	739	857	1136	975	1056	858	955	1026	1440	1217	1052
Dalasylla	80	63	217	127		30	10		99	20	155
Borgarfjörður	147	198	136	80	88	214	136	35	322	298	101
Strandasýsla	12										
Ísafjarðarsýsla											50
Barðastrandasýsla		17									
Snæfellsnesýsla	147	101	74	159	100	177	55	53	228	197	175
BS.Kjalarnes	49	108	224	105	94	140	84	66	96	94	249
Austurland	956	1131	1018	1435	1308	1847	1616	1022	2110	1663	1652
	13636	14486	15519	13021	13615	14215	13045	10961	15286	13314	13793
Nýting á útsendu sæði	62%	68%	70%	71%	71%	74%	70%	68%	71%	68%	69%

## Rekstrarkostnaður sæðingabíla 2014

	HiLux 2014	Subaru impreza 2006	Nissan QASHQAI 2011	Nissan QASHQAI 2012	Kyron 2009	HiLux 2005	HiLux 2010	HiLux 2007	HiLux 2007	Meðaltal sæðingabíla
	AG-J23	PP-033	MB-U77	KV-X56	SV-X55	KJ-647	YK-Z56	KZ-705	MP-526	
<b>Eldsneyti</b>	511.440	333.011	1.046.788	921.240	420.555	285.639	1.102.525	785.036	445.378	650.179
<b>Dekk</b>	99.108	92.069	136.477	212.920	106.226	6.534	125.575	260.406	153.358	132.519
<b>Viðgerðir/Smurning</b>	216.875	252.872	1.460.812	450.406	62.379	135.201	331.459	257.379	81.423	360.978
<b>Skattar</b>	13.973	34.390	29.210	15.170	37.790	47.858	41.930	44.530	37.510	33.596
<b>Tryggingar</b>	78.988	73.691	76.355	76.355	76.355	76.355	76.355	76.355	76.355	76.352
<b>Annað</b>	6.358	7.331	0	500		7.331	8.606	8.606	9.200	5.992
<b>Afskriftir/sölutap/hagn</b>	224.104	176.598	424.692	397.968	449.398	257.028	454.980	260.401	255.000	322.241
<b>Samtals</b>	<b>1.150.846</b>	<b>969.962</b>	<b>3.174.334</b>	<b>2.074.559</b>	<b>1.152.703</b>	<b>815.946</b>	<b>2.141.430</b>	<b>1.692.713</b>	<b>1.058.224</b>	<b>14.230.717</b>
<b>Staða mælis í upphafi árs</b>	0	339.828	154.233	88.142	205.569	375.468	177.304	328.590	107.969	
<b>Staða mælis í lok árs</b>	29.096	363.369	212.743	166.000	226.612	391.300	235.480	373.344	126.300	
<b>Áætlaður akstur á ári</b>	29.096	23.541	58.510	77.858	21.043	17.415	58.176	44.754	18.331	348.724
<b>Kostnaður á km án afskr.</b>	31,85	33,70	46,99	21,53	33,42	32,09	28,99	32,00	43,82	<b>32,49</b>
<b>Kostnaður á km m.afskr</b>	39,55	41,20	54,25	26,65	54,78	46,85	36,81	37,82	57,73	<b>40,81</b>
<b>Eldsneyti og skattar á km</b>	18,06	15,61	18,39	12,03	21,78	19,15	19,67	18,54	26,34	18,84
<b>Litrar á 100 km.</b>	10,04	8,08	10,22	6,92	11,69	9,59	11,08	10,26	11,04	9,88

í sýslur frá árinu 1986 og sá sem þetta ritar hefur séð um skipulag og stjórnun frá 1984 og til ársins 1997 sá hann einnig um sæðistöku. Breytingar á starfslíði eru því litlar og ávallt samhent og samstillt starfslíð sem er verðmætt fyrir stöðina.

### Kynbótastöð

Á síðasta aðalfundi var ákveðið að ganga til samninga við Búnaðarsamband Austurlands að þeirra beiðni um að Kynbótastöðin yfirtaki sæðingastarfsemina þar. Eftir fundi með stjórn BSA og Félagi kúabænda á Austurlandi og síðar fund með kúabændum á Austurlandi var ákveðið að stíga það skref. Hugmynd að nýrri útfærslu á gjaldskrá var kynnt fyrir bændum en þar er gert ráð fyrir föstu gjaldi á grip á ári óháð fjölda sæðinga eða sama kerfi og verið hefur við lýði hér á Suðurlandi um fjölda ára. Fastráðin starfsmaður er Gestur Hallgrímsson fjárbóndi á Blöndubakka. Gengið var til samninga við Stefán Fannar Steinarsson kúabónda á Hallfredarstöðum um að hann sinni afleysingum. Þá var fjárfest í nýjum Toyota Hilux jeppa. Á Austurlandi eru miklar vegalengdir og um 20 kúabú. Mörg þeirra eru öflug og bændur í stækkunarhug.

Frjótækna á Suðurlandi eru, og þá sá síðarnefndi afleysingamaður; Smári Tómasson og Árni Gunnarsson í Vík. Á Hvolsvelli Hermann Árnason og Halldór Eiddsson. Hermann fær ársleyfi frá 1. apríl 2015 og mun Halldór sinna störfum hans á meðan. Í uppsveitum Árnassýslu eru það Úlfhéðinn Sigurmundsson og Birkir Þrastarson og á Selfossi Bragi Ágústsson og Guðmundur Jón Skúlason. Í Skaftárhreppi sinnir Sigríður Böðvarsdóttir, Fagurhlíð sæðingum en í Austur-Skaftafellssýslu er það Orri Brandsson. Verið er að þjálfra nýjan afleysingamann Bjarka Guðmundsson frá Vestri Sámstöðum í Fljótshlíð.

Á síðasta ári hefur orðið mikil aukning í sæðingum

á Suðurlandi. Heildarfjöldi sæðinga á svæðinu hefur aukist um 1741. Kúm hefur fjölgað um liðlega 1000 á landsvísi miðað við fjölda árskúa. Innheimta sæðingagjalda hefur síðustu árin tekið mið af fjölda kúa út frá forðagæsluskýrslum. Nú er fjöldinn fundinn út frá fjölda kúa sem eru á skýrslum í desember sl. Á mörgum búum hefur orðið aukning í kúafjölda á síðasta ári. Þá er bætt 25 % við fjöldann til að ná yfir kvígur á búunum. Sæðingagjöldin eru kr. 2.000,- á grip og er innheimt ársfjórðungslega eða 500 kr. á grip í senn. Fast gjald á grip óháð fjölda sæðinga sem líka mætti kalla áskriftargjald. Sæðingar á kvígum eru innifaldar í sæðingagjaldinu hvort sem bændur láta sæða þær eða ekki. Sæðingagjöld sem bændur greiða beint gera að meðaltali 1.117,- kr fyrir sæðingu á síðasta ári. En heildarkostnaður á sæðingu er kr 4.600,-. En eins og menn vita kemur líka framlag til sæðingastarfseminnar af kynbóta og þróunarfé sem tekið er af mjólkursamningi og svo kemur fjármagn einnig af búnaðarlagasamningi.

Nautastöðin innheimtir gjald fyrir sæðið eftir fjölda kúa og kvígna á forðagæsluskýrslum. Fyrir þetta ár er gjaldið kr 2110,- á kú og helmingi minna fyrir kvígu. Miðað við fjölda sæðinga má segja að sæðisstráið sé selt á um kr 1.000,- sem varla getur talist hátt. Miðað við sæðisverð hjá Genó í Noregi er sæðisstráið úr reyndum nautum frá 2.800,- kr og upp að 5.500,- kr, eftir kynbótamati. Ungnautasæðið er hinsvegar á kr 1.600,-

Klaufskurður var framkvæmdur á 5.564 kúm á 119 kúabúum á síðasta ári. Enn fjölgar kúnum og nú um 1.200 kúr milli ára. Meðalverð á kú er 1.190,- en breytileiki er frá 635,- kr. á kú og upp í 4.000,- kr. á kú. Tekjur af klaufskurði ná ekki gjöldum og munar þar 600 þúsundum.

Aksturinn á árinu minnkaði um 6.000 km þrátt fyrir mikla aukningu í sæðingum. Akstur á sæðingu er þarafleiddandi aðeins 14,4 km á mótí 16 km árið



áður. Útkoman á rekstri sæðingabíllanna er að venju hagkvæm. Með afskriftum er kostnaður á km 40,81 kr. sem er aðeins hærra en á síðasta ári. Sjálfskipting fór í einum bílnum og kostaði viðgerðin 1.380 þúsund. Hagstæðasti bíllinn er Nissan Qashqai, beinskiptur með eyðslu upp á tæpa 7 lítra á 100 km og kostnað á km með afskriftum 26,65 kr.

### Lokaorð

Rekstrartekjur fyrirtækjanna fyrir utan Stóra Ármót er 195,5 milljónir sem er aukning frá fyrra ári úr 189,4 milljónum. Rekstrargjöld eru 199,2 milljónir og er því rekstrartap 3,7 milljónir. Fjármagnsliðir skila 3,3 milljónum og dótturfélagið eða Stóra Ármót kemur út með 16,3 milljón króna hagnað mest vegna sölu á íbúðarhúsi. Tekjuskattur er 128 þúsund. Lokaniðurstaðan er því hagnaður upp á 16,1 milljón en fyrir utan dótturfélagið er tap upp á 374 þúsund sem þýðir að reksturinn er nærri í jafnvægi. Samkvæmt efnahagsreikningi eru heildareignir 279,4 milljónir króna en eigið fé í árslok var 249,5 milljónir og hækkaði á árinu um 16,8 milljónir. Veltufjármunir eru 141 milljónir í árslok. Veltufé frá rekstri er 1,7 milljón á móti 9,3 milljónum sem reksturinn gaf af sér í fyrra. Bændabókhaldið veltir 25 milljónum og þar er 100 þúsund króna tap. Tekjur Sauðfjársæðingastöðvarinnar er rúmar 12,6 milljónir og tap upp á 431 þúsund. Kynbótastöðin veltir nærri 100 milljónum og er réttum megin við núllið sem nemur 119 þúsundum. Búnaðarsambandið er með rekstrargjöld upp á 74,7 milljónir og rekstrartap upp á 1,9 milljónir en að teknu tilliti til fjármagnsliða og dótturfélags er hagnaðurinn 16,5 milljónir. Rekstrartekjur á Stóra Ármóti voru

upp á 50,3 milljónir en að viðbættum söluhagnaði á íbúðarhúsi sem nam 17,6 milljónum eru þær 67,9 milljónir. Rekstrargjöld eru 49,4 milljónir og hagnaður því 16,3 milljónir þegar búið er að taka tillit til skatta og fjármagnsliða. Ef samstæðureikningurinn við Stóra Ármót er skoðaður þá er heildarveltan 263 milljónir og bókfærðar eignir 295 milljónir.

Félagskerfi bænda er í stöðugri mótun. Á nýliðnu Búnaðarþingi var tillaga frá félagskerfisnefnd m.a. um verulega fækkun fulltrúa á Búnaðarþing, veltutengt félagsgjald til BÍ, árgjald aðildarfélaga, aðildarfélögin beri kostnað af þingfulltrúum, kosið verði til Búnaðarþings annað hvert ár, Búnaðarþing verði annað hvert ár og ársfundur hitt árið. Flest var samþykkt nema fækkun fulltrúa. Þar vildi engin missa spón úr aski sínum og fulltrúarnir áfram 49 að tölu. Aðildarfélögin þurfa að setja sér reglur og tilmæli frá BÍ að þær verði inni í samþykktum félagana. Breytingar á lögum Búnaðarsambandsins með reglum um kosningar til Búnaðarþings liggja fyrir aðalfundinum 2015 en þar m.a. kveðið á um að formaðurinn verði sjálfkjörinn. Rætt hefur verið um að verkefni Búnaðarstofu og þar með talið umsjón með þróunarverkefnum og jarðabótum muni færast til MAST. Þá er spurningin. Munu búnaðarsamböndin annast úttektir og umsóknir áfram. Alls fóru 800 vinnustundir í þennan þátt hér á Suðurlandi og er þetta umfangsmesta verkefnið sem eftir er í starfi þeirra. Jafnframt fer verkefnið vel með kortagerðinni.

Að lokum þakkar undirritaður bændum og samstarfsfólki ánægjulegt samstarf á liðnu ári.


Sveinn Sigurmundsson



Á aðalfundi Félags kúabænda veitti Búnaðarsambandið verðlaun fyrir góðan árangur í nautgriparéttinni. Frá vinstri er Sigurjón Sigurðsson Kotlaugum sem tók við viðurkenningu fyrir afurðahæstu kúna 2014, Styttu 336 frá Kotlaugum. Ingimundur Vilhjálmsson Ytri- Skógum er í miðinu með Huppustyttuna fyrir afurðahæsta búið á Suðurlandi 2014. Þá er Guðgeir Sigurðsson frá Skammadal með viðurkenningu fyrir þingsta ungneitið.


# Lax- og silungsveiðin árið 2014

Eitt af verkefnum Veiðimálastofnunar er að safna og vinna úr skýrslum yfir veiði á laxi og silungi. Góð skráning á veiði er ein af undirstöðum veiðiráðgjafar en er jafnframt skráning á náttúrufari almennt. Lögum samkvæmt ber öllum veiðiréttarhöfum skylda til að skila veiðiskýrslum. Veiði er einstaklingsskráð í veiðibækur í veiðihúsum en einnig er möguleiki á rafrænni skráningu veiði með aðgangi í gegnum heimasíðu Veiðimálastofnunar. Mikill og verðmætur grunnur er nú til um veiði úr fjölmörgum ám og vötnum á landinu.



1. mynd. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi árin 1974 - 2014 skipt í afla, veitt og sleppt og afla úr sleppingu gönguseiða (tölur frá 2014 eru bráðabirgðatölur).

Samkvæmt þeim bráðabirgðatölum sem nú liggja fyrir veiddust um 31.800 laxar á stöng á landinu öllu á árinu 2014 en af þeim var um 14.000 (44,1%) sleppt aftur og var heildarfjöldi landaðra stangveiddra laxa (afli) því um 17.800 laxar (1. mynd). Umtalverður samdráttur var í laxveiðinni frá árinu 2013 en þá var stangveiðin alls 68.042 laxar. Laxveiðin 2014 var um 22,1% minni en meðaltalsstangveiði árána 1974-2013. Samdráttur



2. mynd. Afli (landað) náttúrulegra laxa úr stangveiði og netaveiði á árunum 1974-2014 (tölur frá 2014 eru bráðabirgðatölur).

í afla var mestur á Suður- og Vesturlandi en minnst á Austurlandi. Veiðin á Vesturlandi byggist að mestu á laxi sem dvalið hefur 1 ár í sjó en meira er um laxa með tveggja ára sjávardvöl á Norður- og Austurlandi. Stangveiði úr laxveiðiám þar sem veiðin byggist á villtum laxi var alls um 26.200 laxar og um 5.550 laxar veiddust úr ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða sem alin eru í eldisstöðvum.

Stangveiði á laxi sumarið 2014 var með því minnsta sem skráð hefur verið á síðustu 40 árum. Miklar sveiflur hafa verið í laxveiðinni milli ára síðustu þrjú árin. Ekki eru til fyrri dæmi um jafn mikla laxveiðiminnkun milli ára og kom fram á árunum 2012 og 2014. Margt bendir til þess að skýringa sé að leita í breytingum á endurheimtum laxa úr sjó. Meðalþyngd smálaxa sumarið 2014 var lág en tengsl eru á milli þyngdar laxa og affalla í sjó. Rannsóknir hafa sýnt að sterkt jákvætt samband er á milli vaxtar laxa á fyrsta sumri í sjó og þeim fjölda laxa sem skila sér til baka í árnar sumarið eftir. Sumarvöxtur smálaxa úr þeim ám sem skoðaðar hafa verið sérstaklega í hreistri, sýnir að vöxtur í sjó sumarið 2013 var mjög slakur miðað við fyrri ár og svipaður því sem var 2011. Þeir árgangar skiluðu sér í veiði 2012 og 2014. Hin mikla lægð sem kom fram í laxveiðinni á Íslandi 2012 og nú aftur 2014 má því að stærstum hluta rekja til lélegs vaxtar í sjó sem aftur bendir til lélegra fæðuskilyrða og aukinna affalla. Fljótleg skoðun á gögnum um umhverfisþætti í sjó sumarið 2013 sýnir engin augljós merki um breyttar aðstæður milli ára. Mikilvægt er að fá frekari upplýsingar um þætti sem mestu ráða um vöxt og afdrif laxa í sjó.

Langflestir laxar veiddust í Rangánun, en 3070 laxar veiddust í Ytri-Rangá og vesturbakka Hólsár og 2.529 (bráðabirgðatölur) veiddust laxi í Eystri-Rangá. Af öðrum sunnlenskum ám má nefna að í Stóru-Laxá veiddust 882 laxar og er það næst mesta skráða veiði í ánni. Hlutfall stórlaxa, þ.e. laxa sem dvalið höfðu tvö ár í sjó var óvenju hátt, sem helgast af hve smálaxinn, lax sem dvalið hefur eitt ár í sjó, var fáliðaður. Slök veiði endurspeglar lélegar heimtur eins árs laxa



3. mynd. Veidimaður landar urriða í Litlasjó í Veidivötnum. Þar er eftirsótt stangveiði á silungi.


úr hafi en þær voru þær lægstu sem sést hafa á Suður- og Vesturlandi þar sem slíkar upplýsingar liggja fyrir.

Laxveiði í net var um 4.000 laxar (3. mynd) sem er um þriðjungur af veiðinni á árinu 2013. Munar þar einna mest um mikinn samdrátt í netaveiði í Þjórsá, Hvítá og Ölfusá. Netaveiðin var einnig um þriðjungur af meðaltalsveiði árána 1974-2013. Samanlagður landaður afli villtra laxa úr stang- og netaveiði var um 21.800 laxar sem er um helmingur af meðalafla árána 1974-2013 (3. mynd). Netaveiði er nær eingöngu bundin við stóru jökulárnar Þjórsá, Ölfusá-Hvítá og Hvítá í Borgarfirði.

Tölur um silungsveiði liggja enn ekki fyrir í heild en í Veidivötnum veiddust alls 24.401 fiskar, 8.937 urriðar og 15.464 bleikjur. Á stöng voru veiddir 16.761

fiskar (75%) og 7.640 fiskar veiddust í net (25%). Þótt veiðin hafi aukist um 3.971 fisk frá fyrra ári var hún 17% undir meðalveiði síðustu fimm árin þar á undan. Munar þar mestu um að minnkun var í veiði á urriða. Af vötnunum sem tilheyra Veidivatnaklasanum var Litlisjór aflasælasta urriðavatnið með 4.472 veidda urriða. Í Veidivötnum var þyngsti fiskur sumarsins 14,0 pd. urriði sem veiddist á stöng í Grænavatni.

Veidiréttareigendur og aðrir sem annast veiði eru hvattir til að skrá veiði og koma skýrslum til úrvinnslu til Veidimálastofnunar. Vinsamlega sendið veiðiskýrslurnar til Veidimálastofnunar, Austurvegi 3-5, 800 Selfoss, eða Veidimálastofnunar Árleyni 22, 112 Reykjavík. Þær má einnig senda í bréfasíma: 480-1818 eða á netfangið: sudurlandsdeild@veidimal.is Hægt er að skrá veiði rafrænt en upplýsingar þar að lútandi má finna á heimasíðu Veidimálastofnunar [www.veidimal.is](http://www.veidimal.is).



4. mynd. Veiði urriða og bleikju í Veidivötnum árin 1986 til 2014.

Guðni Guðbergsson og  
Magnús Jóhannsson  
Veidimálastofnun

## Fanney Ólöf Lárusdóttir

# Sauðfjárræktin á Suðurlandi 2013

### Sauðfjárdómar 2013

Hauststarfið í sauðfjárrækt hófst á samræmingarnámskeiði á Hesti fyrir starfsfólk í sauðfjárdómum og var námskeiðið sameiginlegt fyrir allt landið á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Mesti annatíminn í hauststörfunum í sauðfjárrækt var frá 16. september til 22. október og voru þrjú dómagengi að störfum í 14 daga, 4 gengi fjóra daga. Nýting daga var yfirleitt góð. Starfsmenn haustsins á Suðurlandi voru Halla Eygló Sveinsdóttir, Jóna Þórunn Ragnarsdóttir, Pétur Halldórsson, Hermann Árnason, Sigríður Ólafsdóttir, Grétar Már Þorkelsson, Halla Kjartansdóttir, Jón Viðar Jónmundsson og Fanney Ólöf Lárusdóttir sem sá jafntframt um skipulagningu hauststarfana. Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Árni Brynjar Bragason, Guðmundur Sigurðsson, Kristbjörn Steinarsson og Friðrik Jónsson komu fáa daga hver að dómsstörfum á Suðurlandi. Brynja Marvinsdóttir og Fanney Ólöf sáu um skráningu á dómum í fjarvis. is. En yfirleitt skrá bændur dómama sjálfir.

### Haustfundir

Haustfundirnir í sýslunum fjórum voru haldnir dagana 20. og 21. nóvember. Á fundunum fór Fanney Ólöf Lárusdóttir hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins yfir niðurstöður hauststarfsins og verðlaunaveitingar. Sveinn Sigurmundsson fór yfir starfsemi Sauðfjarsæðingarstöðvar Suðurlands, nýtingu hrúta og fleira. Fanney Ólöf og Eyþór Einarsson hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins kynntu hrútakost Sauðfjarsæðingarstöðvarinnar. Eyþór fór einnig vítt og breitt yfir ræktunarstarfið í sauðfjárræktinni. Kaffi og kökur voru í boði Sláturfélags Suðurlands og Sauðfjarsæðingastöðvar Suðurlands í kaffihléi. Verðlaunaveitingar voru að venju í hverri sýslu fyrir bestu hrútana. Fimm sauðfjarsæðingarstórnir voru verðlaunuð fyrir lambhrúta sem voru hæst stigaðir fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri. Fimm eldri hrútar í hverri sýslu voru verðlaunaðir fyrir BLUP kynbótamat. Lambrútar sem dregnir voru niður fyrir haus (t.d. vegna skakks bits) eða með gallaða fætur

komu ekki til greina sem verðlaunahrútar og voru teknir af listanum yfir þá stigahæstu vegna þessara galla. Þeir hrútar sem eru í töflunum eru því allir með 8,0 fyrir haus og fætur. Verðlaunaplattar voru veittir í öllum flokkum. Fóðurblandan gaf verðlaunagripi fyrir bestu lambhrútabúin og Jötunn Vélar gaf verðlaunagripi fyrir bestu BLUP kynbótahrúтана.

### Lambhrútar og gimbrar

Skoðaðir voru um 3.400 lambhrútar og rúmlega 12.000 gimbrar í sýslunum fjórum.

Eins og sjá má í töflu 1 voru flestir lambhrútar dæmdir í Árnassýslu eða 1.054. Hæst heildarstig voru í Vestur-Skaftafellssýslu, 83,6 stig. Lærastigun og samanlögð stig fyrir bak, malir og læri (BML) voru mjög jöfn í sýslunum að meðaltali. Þykkasti bakvöðvinn að

Svæði	Fjöldi	B,kg	Ómv	Ómf	Lag	H+h	B+ú	Bak	Malir	Læri	Ull	Sr	Alls	BML
Austur-Skaftafellssýsla	851	46,9	30,6	2,6	3,9	8,2	8,5	8,5	8,6	17,3	7,7	8,1	82,8	34,4
Vestur-Skaftafellssýsla	571	47,3	29,5	2,5	4,3	8,3	8,6	8,5	8,7	17,4	8,0	8,2	83,6	34,5
Rangárvallasýsla	860	46,2	29,7	2,7	4,0	8,2	8,5	8,5	8,6	17,4	7,9	8,2	83,3	34,5
Árnassýsla	1054	45,9	28,9	2,4	3,9	8,2	8,5	8,5	8,5	17,3	7,9	8,1	83,0	34,3
Fjöldi og meðaltöl:	3336	46,5	29,6	2,5	4,0	8,2	8,5	8,5	8,6	17,4	7,9	8,2	83,1	34,4

Tafla 1. Meðaltöl á dómum lambhrúta eftir sýslum 2013.

meðaltali var í Austur-Skaftafellssýslu, 30,6 mm.

Um 53% skoðaðra hrúta voru undan sæðingahrútum og úrval góðra hrútsefna var mikið. Sæðingahrútarnir voru almennt að koma vel út. Af hyrnu sæðingahrútunum átti Birkir flesta syni, 196, Borði með 160 syni og Ás með 152 syni. Af kollóttu hrútunum átti Kroppur flesta syni, 113, og Sigurfari næstflesta syni, 34. Í hrútaskránni 2013 er hægt að nálgast meðaltöl á dómum á lambhrútum undan sæðingahrútum frá haustinu 2013.

Fimm sauðfjarsæðingarstórnir voru verðlaunuð fyrir stigahæstu lambhrútana fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri í hverri sýslu. Í sýslunum fjórum voru 191 lambhrútar með 36,5 eða meira fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri og með 86,0 eða meira í heildarstig. Af þessum 191 hrútum á Borði flesta syni eða 24 og sannar sig því enn sem sigurvegari haustsins. Næstur var Snævar með 13 syni og Ás með 10 syni.

Sá hrútur sem fékk flest stig fyrir samanlögð stig fyrir



### Austur-Skaftafellssýsla

Sæti	Býli	Lnr	Fnr.	Nafn	B	G	Faðir	Faðir2	Þ	Ómv	Ómf	Lag	Fótl	H+h	B+ú	Bak	Malir	Læri	Ull	Sr	Alls	BML
1	Akurnes	72	13-454	Skjöldur	2	2	08-838	Borði	48	41	2,6	4,5	106	9,0	9,0	10,0	9,5	18,5	7,5	8,5	88,0	38,0
2	Hlíð	486	13-228		1	1	12-214	Hjari	42	39	3,6	4,0	104	8,5	8,5	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	86,5	38,0
	Hlíð	107	13-225		3	2	08-838	Borði	45	36	3,6	4,5	101	8,0	8,5	9,5	9,5	19,0	7,5	8,0	86,0	38,0
3	Fornustekkar 1	492			1	1	10-889	Baugur	63	40	4,9	4,5	110	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,5	9,0	89,5	37,5
4	Setberg 1	9132			3	1	10-875	Snævar	53	39	4,0	5,0	105	9,0	9,5	10,0	9,5	18,0	8,0	9,0	89,0	37,5
	Hlíð	693			2	2	09-567	Gevsir	46	38	2,2	4,0	109	8,5	8,5	9,5	9,0	19,0	8,0	8,5	87,0	37,5
	Hlíð	152			1	2	06-833	Grábotni	46	39	2,2	4,5	108	8,0	8,5	10,0	9,0	18,5	7,5	8,5	86,0	37,5
	Hlíð	83	13-223	Naggur	2	2	08-838	Borði	47	38	1,9	4,5	106	8,5	8,5	9,5	9,0	19,0	7,5	8,0	86,0	37,5
5	Breiðabólss 2 Gerði	545			2	2	11-896	Prúður	50	38	3,0	4,5	110	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,0	9,0	88,5	37,0

### Vestur-Skaftafellssýsla

Sæti	Býli	Lnr	Fnr.	Nafn	B	G	Faðir	Faðir2	Þ	Ómv	Ómf	Lag	Fótl	H+h	B+ú	Bak	Malir	Læri	Ull	Sr	Alls	BML
1	Hraungerði	8191	13-240		2	2	08-838	Borði	56	38	1,8	4,5	107	8,5	9,0	10,0	9,5	18,5	8,0	8,5	87,5	38,0
2	Kirkjubæjarklaustur 2	243	13-541	Kverkur	2	1	10-518	Kiddi	52	36	3,5	5,0	106	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	7,5	9,0	88,5	37,5
3	Hraunkot	5391			2	2	11-318	Lundi	50	38	3,3	5,0	107	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	87,0	37,5
4	Mýrar	1965			2	2	07-160	Fantur	50	39	2,7	4,0	110	8,5	8,5	10,0	9,0	18,5	7,5	8,5	86,5	37,5
5	Fagurhlíð	1901	13-029		2	2	11-020	Barði	57	36	2,7	4,0	108	9,0	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,5	87,5	37,0

### Rangárvallasýsla

Sæti	Býli	Lnr	Fnr.	Nafn	B	G	Faðir	Þ	Ómv	Ómf	Lag	Fótl	H+h	B+ú	Bak	Malir	Læri	Ull	Sr	Alls	BML	
1	Ytri-Skógar	113			2	2	10-875	Snævar	55	38	2,3	5,0	110	9,0	9,0	10,0	9,5	18,5	8,0	8,5	88,5	38,0
2	Hemla 2	7			2	2	09-877	Ás	54	34	2,7	5,0	107	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	9,0	8,5	89,5	37,5
3	Teigur 1	1027			2	2	08-869	Guffi	53	37	4,5	5,0	109	9,0	9,0	10,0	9,0	18,5	8,0	8,5	88,0	37,5
4	Hólmar	23	13-020		1	1	08-838	Borði	59	42	5,0	5,0		8,5	8,5	10,0	9,5	18,0	8,0	9,0	87,5	37,5
5	Vestra-Fiflholt	253			2	1	12-263	Heimir	43	35	2,0	5,0	102	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,5	8,0	88,0	37,0

### Árnessýsla

Sæti	Býli	Lnr	Fnr.	Nafn	B	G	Faðir	Þ	Ómv	Ómf	Lag	Fótl	H+h	B+ú	Bak	Malir	Læri	Ull	Sr	Alls	BML	
1	Bræðratunga	3			2	2	10-890	Kroppur	58	37	4,5	4,0	110	8,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,5	88,0	38,0
2	Ósabakki 2	57			2	2	12-789		51	37	2,0	4,0	110	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,0	9,0	89,0	37,5
3	Vogsósar 2	1182			2	2	11-738	Konni	60	37	2,1	4,0	107	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,5	87,5	37,5
4	Tóftir	12						Ljómi	53	37	3,7	5,0	106	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	87,0	37,5
5	Syðra-Langholt 3	71			1	1	08-869	Guffi	51	33	2,6	4,5	105	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	8,5	8,5	88,5	37,0

Tafla 2. Bú verðlaunuð fyrir hæst dæmdu lambhrútana 2013.

bak, malir og læri í haust kemur frá Ytri-Skógum nr. 113 undan Snævari 10-875. Hann fékk 38,0 stig fyrir BML, 88,5 heildarstig, 38 mm bakvöðva, 2,3 mm ómfita og 5,0 í lögum. Ytri-Skógar stóðu þar með efstir

Austur-Skaftafellssýslu var Akurnes í efsta sæti með lambhrútinn Skjöld nr. 13-454 undan Borða 08-838. Hann var með 38,0 stig fyrir BML, 88,0 heildarstig og 41 mm bakvöðva, 2,6 mm fitu og 4,5 í lögum.

Niðurstöður má sjá í töflu 2.

Svæði	Fjöldi	Þ	Ómv	Ómf	L	Fp	Læri	Ull	Alls
Austur-Skaftafellssýsla	2.605	40,5	29,4	2,5	3,8	8,5	17,4	7,8	33,8
Vestur-Skaftafellssýsla	2.232	40,3	28,1	2,2	3,9	8,4	17,2	7,9	33,5
Rangárvallasýsla	2.959	40,8	27,9	2,6	3,9	8,4	17,3	7,9	33,6
Árnessýsla	3.780	40,1	28,2	2,3	3,9	8,4	17,3	7,9	33,7
Fjöldi og meðaltöl:	11.576	40,4	28,4	2,4	3,9	8,4	17,3	7,9	33,6

Tafla 3. Meðaltöl á dómum gimbra eftir sýslum árið 2013.

í Rangárvallasýslu árið 2013 fyrir lambhrúta. Í Árnessýslu var Bræðratunga efst með lambhrút nr. 3 undan Kropp 10-890. Hann var með 38,0 fyrir BML, 88,0 heildarstig og 37 mm bakvöðva, 4,5 mm fitu og 4,0 í lögum. Í Vestur-Skaftafellssýslu stóð Hraungerði efst með lambhrút nr. 13-240 undan Borða 08-838. Hann var með 38,0 stig fyrir BML, 87,5 heildarstig og 38 mm bakvöðva, 1,8 mm fitu og 4,5 í lögum. Í

Gimbrarnar komu vel út að meðaltali yfir starfssvæðið en heldur færri gimbrar skoðaðar þetta haustið en árið 2012. Í töflu 3 má sjá meðaltöl á dómum gimbra eftir sýslum.

### BLUP kynbótamatíð 2013

BLUP verðlaun eru veitt á hverju hausti þar sem reiknað er út frá upplýsingum úr kynbótamatinu. Reiknuð er út heildareinkunn fyrir hvern hrút sem átti að lágmarki 15 sláturlömb árið áður og hafði að lágmarki 100 í einkunn fyrir hvern eiginleika. Heildareinkunnin er samsett af einkunn fyrir fitu, gerð, mjólkurlagni og frjósemi.

Árnessýsla															
Sæti	Hrútur	Býli	Faðir	Fita	Kjötmat			Dætur		Heild.	Sláturupplýsingar				
					Gerð	H.e.k.	Mj.l.	Fr.s.	eink.	Fjöldi	Fallþ.	Gerð	Fita		
1	Þróttur	08-226	Auðsholti 4	06-231	Bósi	121	132	125,4	100	109	115,5	32	18,8	10,44	7,38
2	Hamar	10-072	Brúnastöðum 1	06-831	Stáli	118	127	121,6	109	107	115,3	15	19,3	12,40	7,60
3	Illugi	11-142	Heiðarbæ 1	06-833	Grábotni	114	127	119,2	112	108	115,3	26	17,5	9,85	6,85
**Könnun á notkun heilfóðurs fyrir mjólkurkúr:** Vorið 2000 hófst samstarfsverkefni milli Stóra Ármóts, Hvanneyrar og Bújöfurs-Búvéla um athugun á notkun heilfóðurs fyrir mjólkurkúr. Bújöfur-Búvélar ehf. flutti inn 18 rúmmetra heilfóðurvagn með lárétum sniglum frá Lydersen í Danmörku. Vagninn tók rúllur í heilu lagi, saxaði og blandaði. Vagninn reyndist vel, auk þess sem kúnum líkaði vel við blönduna. Þetta var byrjunin á heilfóðrun á Íslandi. Umdeild spor þá en óumdeild stefna í dag.

**Nákvæmnisrannsóknir í fôðurlífeðlisfræði:** Fyrstu árin var aðstaða fyrir sex gripi í sérstakri álmu, þar sem hægt er að hafa kúr með vambaropi, (“fistuleraðar” kúr) ásamt rannsóknastofu og skrifstofu. Þarna var aðstaða fyrir lífeðlisfræðilegar nákvæmnisrannsóknir á meltingu hjá nautgripum. Þessi aðstaða, ásamt uppbyggingu á nauðsynlegri efnagreiningaaðstöðu hjá RALA, hefur skapað undirstöðu og grunn fyrir fôðurmatskerfin sem hafa verið innleidd á undanförunum árum og eru í stöðugri framþróun. Seinna var þessari álmu breytt í fundarsal og kúnum komið fyrir í uppeldisfjósinu.

### **Þol Salmonella typhimurium í votverkuðu heyi**

Um aldamótin bar nokkuð á salmonellasýkingum í búfé og til að skoða það mál nánar var gerð tilraun með þol Salmonella typhimurium í votverkuðu heyi. Um var að ræða há sem verkuð var í 1 l glerilátum. Reynd voru þrjú þurrkstig háarinnar: 20-25%, 45-50% og 60-65% þurrefni. Mismunað var aðstreymi súrefnis að heyinu á geymslutíma til þess að líkja eftir gallaðri heyverkun. Salmonellasmiti var komið fyrir í grísum sem settar voru í heyið við hirðingu. Verkun heysins í öllum liðum tilraunarinnar var undir meðallagi að gæðum. Í ljós kom að Salmonella lifði af verkun og geymslu (í 8 mánuði) í þurrasta heyinu (60-65% þe.) og að hluta í því hálfþurra (45-50% þe.), en ekki í því blautasta er súrast varð. Niðurstöður tilraunarinnar undirstrika mikilvægi skilyrðislausrar útilokunar súrefnis við votverkun heys, einkum ef um þurrlegt heyr er að ræða.

Ábyrgðarmenn: Grétar Hrafn Harðarson Rala, Bjarni Guðmundsson LBH og Eggert Gunnarsson Keldum.

### **Sauðfé á hálmi og köldu rými:**

Gömlu fjárhúsin á Stóra Ármóti voru metin óviðunandi út frá aðbúnaðarsjónarmiði og var ákveðið haustið 2001 að útbúa fjárhús á hálmi í óeinangraðri hlöðu við fjósið. 10. nóvember voru kindurnar hýstar og rúnar inn á hálmdýnu sem svarar til 20 kg af hálmi á hverja kind. Hópnum var skipt í tvennt og var annars vegar notað plast og hins vegar strigi sem yfirbreiðsla. Hitastig undir yfirbreiðslunum var hið sama en rakastig var mun lægra undir striganum.

Ábyrgðarmaður: Þróstur Aðalbjarnarson BSSL.

### **Áhrif fóðrunar á efnainnihald og vinnslueiginleika kúamjólkur**

Veturna 2000-2001 og 2001-2002 voru gerðar fóðrunartilraunir á Stóra Ármóti þar sem skilgreindir eru þeir þættir sem hafa áhrif á magn og gerð próteina í mjólk. Þetta var hluti af stærra verkefni, þar sem megin viðfangsefni voru: a. Söfnun upplýsinga hjá bændum; b. Erfðafræðilegar rannsóknir – samanburður dætrahópa m.t.t. mjólkurefna; c. Fóður- og lífeðlisfræðilegar rannsóknir þ.m.t. tilraunir með vambaropskýr, vambarhermi, mjólkurkýrnar á Stóra Ármóti og rannsókn á vinnslueiginleikum mjólkur. Að verkefninu stóðu auk Rala, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Helstu niðurstöður rannsókna voru kynntar á ráðunautafundum sbr. ritskrá. Ábyrgðarmaður þessa verkefnis var Bragi Líndal Ólafsson Rala.

### **Fóðrun til hámarksafurða. Áhrif fóðrunar í geldstöðu og byrjun mjaltaskeiðs á afurðir, heilsufar og frjósemi:**

Í þessu verkefni, sem var aðalverkefni árána 2002-2004, var rannsakað hvaða áhrif mismikil kjarnfóðurgjöf í geldstöðu og mismunandi stígandi í kjarnfóðurgjöf í byrjun mjaltaskeiðs hefur á afurðir, heilsufar og frjósemi mjólkurkúna. Áhrif meðferða, sem voru fjórar, voru greindar með því að fylgjast með holdafari, líkamsþyngd, áti, nyt, efnasamsetningu mjólkur, blóðefnum, ástandi lifrar með lífsýnum og frjósemi.

Kýr voru teknar inn í tilraun 6 vikum fyrir burð. Allar

kýr fengu viðhaldsfóðrun + þarfir til fósturmyndunar tímabilið 8-3 vikum fyrir burð. 3 vikum fyrir burð skiptust kýrnar niður á tvo sambærilega hópa með mismikilli kjarnfóðurgjöf (1,5 og 3,5 kg). Um burð skiptust síðan hvor hópur í tvær meðferðir með mismunandi stígandi í kjarnfóðurgjöf annars vegar 0,3 kg/dag og hins vegar 0,5 kg/dag. Hámarks kjarnfóðurgjöf var 11 kg og gott gróffóður var gefið að vild. Alls voru því 4 meðferðir í tilrauninni.

Þrjú lifrarsýni voru tekin úr hverri kú; 3 vikum fyrir burð, um burð og 3 vikum eftir burð.

Lífsýni úr lifur er góð leið til að meta ástand lifrarinnar og er það gert með því að stiga fituinnihald frumanna undir smásjá. Aðferðin er einföld og hefur um áratugaskeið verið notuð í Svíþjóð.

Blóðsýni voru tekin vikulega, alls 14 sýni úr hverri kú. Mæling ýmissa efna í blóði getur gefið góða mynd af efnaskiptaástandi líkamans. Aðferðin var þróuð í Bretlandi á áttunda áratug síðustu aldar og hefur enn víðtæka notkun við fóðrunarráðgjöf mjólkurkúna.

Styrkur prógesterón í mjólk var mældur tvisvar í viku og fæst með því mat á virkni eggjastokkanna. Þekkt er að fóðrun í geldstöðu og byrjun mjaltaskeiðsins hefur afgerandi áhrif á frjósemi. Offóðrun fyrri hluta geldstöðunnar hefur neikvæð áhrif á frjósemi. Jafnframt hefur fitusöfnun í lifur og orkuskortur seinni hluta geldstöðu og í byrjun mjaltaskeiðsins neikvæð áhrif á frjósemi.

Holdstígun var framkvæmd vikulega. Holdstígun er aðferð til að meta magn fitufórða mjólkurkúna. Kúm er gefin einkunn á bilinu 1-5 þar sem 1 táknar grindhoruð og 5 akfeit. Fimm staðir á kúnni eru notaðir til að meta holdin: a. Þverþorn spjaldhryggjar, b. neðanverð rifbein, c. mjaðmahnúta, d. halarót og e. setbein. Alkunna er að holdafar hefur mikil áhrif á afurðarmagn og heilsufar mjólkurkúna. Kýr í góðum holdum hafa tilhneigingu til að mjólka meira en rýrar kýr. Feitum kúm er hættara við efnaskiptaröskun og framleiðslusjúkdómum en rýrum kúm. Til að ná viðunandi afurðum og góðri heilsu þarf að fara milliveg. Almennt er talið að heppilegustu hold séu á bilinu 3-3,5. Ábyrgðarmaður verkefnisins var Grétar Hrafn Harðarson Rala.

### **Heilfóðrun til hámarksafurða. Áhrif á afurðir og heilsufar.**

Verkefnið var sjálfstætt framhald tilraunarinnar, "Fóðrun til hámarksafurða. Áhrif fóðrunar í geldstöðu og byrjun mjaltaskeiðs á afurðir, heilsufar og frjósemi" sem var aðalverkefnið á Stóra Ármóti veturna 2002-2003 og 2003-2004.

Í október 2004 var lokið við uppsetningu á fullkomnu heilfóðrunarkerfi fyrir tilraunastarfið á Stóra Ármóti. Búnaðurinn er frá Mullerup í Danmörku. Kerfið er tölvustýrt, sér um blöndun fóðurefna og skammtar fóður á einstaklings vísu með sveiganleika í fóðrun fyrir litla hópa. Kerfið gerir fóðrunina nákvæmari og markvissari á öllum framleiðsluskeiðum og hentar sérstaklega vel fyrir tilraunastarfið.

Aðalmarkmið verkefnisins var að þróa heilfóðrun við íslenskar aðstæður og nota til þess nýjustu þekkingu í fóðurmati.

**Hraustar kýr. Samspil fóðrunar, afurða og heilsufars.** Geldstaðan og fyrstu vikur mjaltaskeiðsins var


viðfangsefni tilrauna á Stóra Ármóti lengst af. Veturna 2006-2008 voru áhrif fôðrunar í geldstöðu undir smásjóni. Fyrri veturinn voru rannsókuð áhrif mismunandi orkustyrks síðustu þrjár vikur geldstöðunnar og seinni veturinn var markmiðið að ganga lengra og rannsaka áhrif mismunandi orkustyrks í fôðri alla geldstöðuna á át, afurðir og heilsufar fyrst á mjaltaskeiðinu.

Þessar rannsóknir lögðu grunn að nemendaverkefnum bæði til BSc og MSc prófs.

Hraustar kýr: Aukin sjálfbærni í fôðrun mjólkurkúa.

Veturna 2008-2010 var framkvæmd tilraun í þessum flokki þar sem rannsókuð voru áhrif aukins hlutfalls af byggi í heildarfôðri mjólkurkúa. Í kennslubókum um fôðurfræði er almennt ekki ráðlagt að gefa meira en 25% af byggi í heildarfôðri og rannsóknir erlendis sýna neikvæð áhrif þegar hlutfallið er komið yfir 35%. Aðstæður hérlendis eru á margan hátt ekki sambærilegar þeim erlendu og fyrstu niðurstöður tilraunarinnar 2008-2009 bentu strax til þess að hægt væri að fara nokkuð hærra með hlutfall byggs en erlendis er almennt talið, án þess að valda neikvæðum áhrifum. Sýrustig í vömb var eins í öllum meðferðum og kringum pH 6,5 (sjá mynd). Sýrustig yfir pH 6,0 telst mjög gott og fer þetta vel saman við gott útlit skítsins.

Þessar niðurstöður gáfu tilefni til að þróa enn frekar einfalda fôðrun mjólkurkúa, sem byggð er á sem mestu heimaöfluðu fôðri. 2009-2010 var hlutfall aðkeypts fôðurs lækkað um 35% á móti hækkuðu hlutfalli heimaræktads byggs og úrvals gróffôðurs. Aðalógnanir í þessu verkefni voru þær að dregið er úr fjölbreytni fôðurs og aukin fôðrun auðgerjanlegra kolvetna getur leitt til lækkunar sýrustigs í vömb og meltingartruflana.



Mynd : Áhrif kolvetnagjafa á sýrustig í vömb.

### Snefilefni í jarðvegi, fôðri og búfé

Verkefnið skiptist í þrjá hluta: I. Snefilefni í fôðri, II. Snefilefni í jarðvegi og blóði búfjár og III. Leiðir til að mæta snefilefnapörfum búfjár.

Valin voru 200 heysýni víðsvegar af landinu og þau efnagreind hjá Efangreiningu á Keldnaholti.

### Selentúnaburður – áhrif á virkni GPx í blóði sauðfjár:

Sett var upp einföld samanburðarathugun á áhrifum selenáburðar á Se-innihald heyja og Se stöðu sauðfjár. Tekin voru 4 x 12 sýni úr ánum og þau greind á Tilraunastöðinni á Keldum. Mælt er virkni ensímans GPX í blóðinu sem er óbein mæling á selenstyrk í blóði. Í stuttu máli jókst virkni GPX í þeim kindum sem fengu hey af túni sem hafði fengið Se bættan áburð en í kontról hópnum minnkaði virkni GPX. Sumarbeitin hafði síðan þau áhrif að gildin nálgudust þ.e. lágu gildin hækkuðu og háu gildin lækkuðu.

	28.10.03	22.01.04	13.04.04	9.11.04
Se-hey - meðaltal	224	457,5	675	309
Kontról - meðaltal	285	233,5	135	263

Tafla: Áhrif Selenáburðar á virkni GPX í blóði sauðfjár

### Smitleiðir hníslasóttar í sauðfé.

Markmið verkefnisins var að greina hve lengi hníslar lifa á landi og hvort ærnar eru mikilvægir smitberar fyrir lömbin. 48 ær voru notaðar í verkefnið og var helmingur þeirra meðhöndlaður með hníslasóttarlyfi fyrir burð. Ærnar ásamt lömbum voru ýmist settar á hreint land, vorbeitt land og haustbeitt land. Saurýni voru tekin þrisvar sinnum úr fênu tilraunatímabilið. Meðferð tilraunahópa hafði ekki afgerandi áhrif á niðurstöður.

### Þáttur ræktunarskipulags í hagkvæmri fôðuröflun á sprotabúum.

Stóra Ármót var eitt af átta sprotabúanna í þessu verkefni en meginmarkmið verkefnisins var að meta áhrif mismunandi ræktunarkerfa á rekstur og afkomu kúabúa. Verkefnið fór af stað 1. júlí 2004 og stóð til ársins 2008. Ábyrgðarmaður verkefnis var Þóroddur Sveinsson.

### Uppeldi kálfa. Áhrif kjarnfôðurs með mismiklu tréni á vöxt og heilbrigði kálfa.

Markmið verkefnisins var að finna einfalda leið til að fullnýta vaxargetu kálfa, fyrstu 12 vikurnar, með því að gefa þeim frjalsan aðgang að kjarnfôðri og takmarka heygjöf. Fylgst var með áti kálfanna og þrifum með vigtun, holdstígun, brjóstmálmælingu og mælingu á hæð herða. Áhrif meðferða voru ekki tölfraðilega marktæk en ljóst er af niðurstöðum verkefnisins að kálfar þrífast vel, þar sem frjals aðgangur er að kjarnfôðri og heygjöf byrjar ekki fyrr en við sex vikna aldur.

### Kvígur 24; áhrif mismunandi fôðursamsetningar á vöxt og þroska kvígna.

Í verkefninu voru skoðuð áhrif mismunandi fôðursamsetningar á vöxt og þroska kálfa og kvígna, með það að meginmarkmiði að finna heppilegustu samsetningu sem bætir nýtingu vaxargetu gripanna á hverjum tíma, án þess þó að um óhóflega holdsöfnun verði að ræða.

### Kvígur 24 – nú frjals aðgangur að sýrðri mjólk.

Margt bendir til að almennt sé ekki verið að mæta þörfum kálfa og kvígna í uppeldi. Það er einkum ójafnvægi í hlutföllum fôðurefna sem er áberandi. Þetta getur svo leitt til þess að kvígur safna óhóflegum holdum, en vaxa ekki sem skyldi. Óhófleg holdsöfnun er mjög óæskileg, sérstaklega á hinu svokallaða „kritiska tímabili“, á aldrinum 5-15 mánaða, þar sem hún leiðir til fitusöfnunar í júgur og lægri ævinytar. Gróffôður er gjarnan of lágt í próteini til að mæta þörfum. Steinefni og vítamín í heimaöfluðu fôðri eru einnig mjög lítil miðað við þarfir fyrir vöxt og eðlilegan þroska beina. Rannsóknir í Bandaríkjunum sýna að áhrif vaxtar fyrstu 8 vikurnar eru mikil á afurðir fyrsta kálfs kvígna. Kvígur sem tvöfalda þyngd sína fyrstu 8 vikurnar

mjólka um 700 kg meira en viðmiðunarhópur. Í Kvígum 24 tókst að tvöfalda þyngd HP kálfa fyrstu 8 vikurnar. Kjarnfóðurát var minna í HP hópnun á mjólkurskeiði en jókst hratt eftir það. Þó ekki nóg til að fyrirbyggja nokkurn afturkipp í vöxt. Nú er unnið að því á öðrum vettvangi að auka bragðgæði unglálfakögglu til að örva át á mjólkurskeiðinu.

Í heild var vöxtur og þroski kálfanna mjög viðunandi í báðum hópum, enda þótt vænst hafi verið meiri munar. Veturinn 2009-2010 hófst verkefni þar sem kálfar voru annars vegar aldrið skv. HP meðferð fyrra árs (875g þurrefni á dag í tveim gjöfum) og hins vegar þar sem þeir höfðu frjálstan aðgang að mjólk, sem hafði verið sýrd með maurasýru. Markmið verkefnisins var að þróa ódýra fóðrunaræðferð sem hámarkar neyslu mjólkur á mjólkurskeiðinu og tryggir hraðan vöxt og góðan þroska. Kostir aðferðarinnar felast einnig í því að hægt er að geyma og nýta alla mjólk sem til fellur á búinu. Sýrustig mjólkurinnar er um pH 4,5 og er henni komið fyrir í tunnu með hræru og hitara til að tryggja að mjólkin skiljist ekki og sé jafnan í kringum 24°C.

### **Júgurhreysti: Áhrif Startvac® bóluefnis á júgurheilbrigði**

Í marga áratugi hefur verið unnið án mikils árangurs að rannsóknunum og þróun bóluefna gegn júgurbólgu. Nú er komið bóluefni Startvac® sem hefur fengið viðurkenningu Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins sem hófst haustið 2010 var að skoða áhrif Startvac® bóluefnis á júgurheilbrigði mjólkurkúa. Valin voru sjö bú með um 400 kýr til þátttöku í verkefninu. Fylgst var með tíðni júgurbólgu, einstaklingstengdri frumutölu og tíðni sýkra spena í upphafi og lok rannsókna. Í þessari rannsókn hafði Startvac® bólusetning ekki áhrif á þá þætti sem skoðaðir voru. Breytileiki milli búna var umtalsverður sem undirstrikar mikilvægi góðra búskaparháttanna og markvissra aðgerða í júgurbólguástandi.

### **Eldgosið í Eyjafjallajökli**

Eldgosið hafði margvísleg áhrif á landbúnað á Suðurlandi og stofnanir landbúnaðarins gengust fyrir fjölbætri greiningu á þessum áhrifum. Þessu var gerð ítarleg skil á Fræðisvefnum landbúnaðarins í mars 2011. Á Stóra Ármóti voru gerðar rannsóknir á verkunareiginleikum og lystugleika heyja í tengslum við eldgosid.



### **Dauðfæddir kálfar II**

Á árunum 2006-2008 var unnið að stóru rannsóknarverkefni er greindist í sex undirverkefni sem náðu til almennrar þekkingaröflunar um þætti sem hugsanlega gætu skýrt orsakir hárrar tíðni dauðfæddra kálfa og/eða veitt innsýn í lífeðlisfræðilega röskun sem valdið geta því að kálfurinn deyr við burð. Meginmarkmið verkefnisins sem hér er greint frá var að skoða þroska kvígna sem báru dauðum kálfum og hann borinn saman við þroska kvígna sem báru eðlilega enda var þetta eitt af þeim atriðum sem fyrri rannsókn gaf tilefni til að rannsaka betur. Jafnframt var markmið verkefnisins að efla tengsl við erlenda sérfræðinga á þessu sviði, en kálfadaudi er alþjóðlegt vandamál.

Valin voru 38 kúabú í Árnes- og Rangárvallasýslum og kvígur sem ýmist voru nýlega bornar eða áttu stutt í burð metnar. Fjórar breytur fengust við þessa skoðun; holdstig, brjóstmál, breidd milli mjaðmarhorna og aldur við burð. Hvert bú var heimsótt tvisvar á rannsóknatímanum, í nóvember 2011 og febrúar 2012. Alls voru skoðaðar 479 kvígur, dauðfæddir kálfar voru 131 eða um 27%. Hvorki var munur á stærð og þroska kvígna né á aldri við burð hjá kvígum sem báru dauðum kálfum og hinum sem báru lifandi kálfum.

Í ljósi þessa var ákveðið að útvíkka verkefnið og skoða gögn skýrsluhalds nautgriparæktarinnar síðustu 8 ár. Rýni gagnanna staðfesti mikinn breytileika milli búna en jafnframt kom fram mikill breytileiki milli nauta á lífsþrótt kálfa dætra þeirra, sem undirstrikar mikilvægi þess að taka tillit til þessa þáttar í ræktunarstarfinu.

### **Átgeta íslenskra mjólkurkúa;**

#### **MS verkefni Lilju Daggar Guðnadóttur**

Markmið verkefnisins eru að bæta þær spár sem fyrir eru um átgetu íslenskra kúa í NorFor fóðurmatskerfinu, annars vegar með því að rannsaka þá þætti í föðri sem hafa áhrif á átgetu og hins vegar að rannsaka þá þætti hjá gripnum sem hafa áhrif á átgetu.

Rannsóknarvinna verkefnisins er tvískipt og fer öll fram á Stóra Ármóti.

Fyrri hluti rannsóknarinnar fór fram í febrúar-apríl 2013 og snýr að mælingum á föðuráti kúa á fyrri hluta mjaltaskeiðs. Kýrnar eru á misjöfnum aldri, allar á sama föðri og breytileiki í stöðu á mjaltaskeiði er lítill. Seinni hluti rannsóknarinnar byrjaði haustið 2013 og lauk í maí 2014. Kýrnar voru föðraðar á mismunandi föðri og át þeirra mælt. Notað var einsleitt grófföður og mishátt hlutfall kjarnföðurs í heilföðri auk þess sem ein meðferð byggðist á aðskildri föðrun.

Við þessi tímamót ber að þakka öllum sem komið hafa að starfsemi á Stóra Ármóti fyrir góð störf. Sérstaklega er bústjórunum Hildu Pálmadóttur og Höskuldi Gunnarsson, tilraunafólkinu Eiríki Þórkelssyni, Svölu Sigurgeirsdóttur, Höllu Kjartansdóttur og Baldri Sveinssyni þakkað gott samstarf. Þá er framkvæmdastjóra Sveini Sigurmundssyni og stjórn Bssl færðar þakkir.

Grétar Hrafn Harðarson

## Ritskrá:

**Grétar Hrafn Harðarson**, Jóhannes Sveinbjörnsson, 2013. The effect of Startvac® vaccination on udder health under Icelandic conditions. Nkvet, Reykjavík 2013.

**Grétar Hrafn Harðarson**, M.B. Jónsson, S. Sigudarson, H.Vidarsson, J.Sveinbjörnsson, B.H. Benjamínsson, 2012. Still born calves in first calving heifers. A farm survey. ESDAR, Dublin, 2012.

Hallfríður Ósk Ólafsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, **Grétar Hrafn Harðarson**, 2011. Samspil orku og proteins í fódri áa í lok meðgöngu, áhrif á fæðingarþunga og vaxtarhraða lamba, efnaskiptajafnvægi og holdafar áa. *Fræðaging landbúnaðarins* 2011:8:141-147.

Guðni Þorvaldsson, Hólmgeir Björnsson, **Grétar Hrafn Harðarson**, Jónatan Hermannsson, 2011. Áburðargildi í ösku í Eyjafjallajökli og áhrif hennar á gæði fódurs. *Fræðaging landbúnaðarins*, 2011:8:34-42.

Andrea Ruggeberg, Emma Eypórsdóttir, **Grétar Hrafn Harðarson**, Unnsteinn S Snorrason, Christoph Winckler, 2010. Velferð mjólkurkúa í lausgöngufjósum. *Rit LbhÍ nr 28*: 32 bls.

Daði Már Kristófersson, Magnús B Jónsson, Emma Eypórsdóttir, Elín Grethardsdóttir, **Grétar Hrafn Harðarson**, 2010. Íslenska kúakynið – viðhorf neytenda og varðveislukostnaður. *Fræðaging landbúnaðarins*, 2010: 7: bls 109-118.

**Grétar Hrafn Harðarson**, Jóhannes Sveinbjörnsson, 2009. Áhrif fódunar á framleiðslusjúkdóma mjólkurkúa. *Fræðaging landbúnaðarins*, 2009: 6: bls 293-300.

Andrea Ruggeberg, Emma Eypórsdóttir, **Grétar Hrafn Harðarson**, Unnsteinn S Snorrason, Cristoph Winckler, 2009. Velferð mjólkurkúa í lausagöngufjósum. *Fræðaging landbúnaðarins*. 2009: 6: bls 127-134.

**Grétar Hrafn Harðarson**, Jóhannes Sveinbjörnsson, Magnús B Jónsson, 2008. Áhrif geldstöðufóðrunar á lífsþrótt kálfa. *Rit LbhÍ nr 19* : 43-47.

Jóhannes Sveinbjörnsson, **Grétar Hrafn Harðarson**, 2008. Þungi og átgeta íslenskra mjólkurkúa. *Fræðaging landbúnaðarins*, 2008: 5, bls 336-344.

**Grétar Hrafn Harðarson**, Jóhannes Sveinbjörnsson, Magnús B Jónsson, 2008. Dauðfæddir kálfar. Áhrif snefilefna og E-vítamíns. *Fræðaging landbúnaðarins* 2008. 5, bls 331-336.

Daði Már Kristófersson, Emma Eypórsdóttir, **Grétar Hrafn Harðarson**, Magnús B Jónsson, 2007. Samanburður á rekstrarhagkvæmni mjólkurframleiðslu með íslenskum kúm og fjórum erlendum kynjum. *Rit LbhÍ nr 15*: 58 bls.

Daði Már Kristófersson, Emma Eypórsdóttir, **Grétar Hrafn Harðarson**, Magnús B Jónsson, 2007. Innflutningur nýs kúakyns / Verndun íslenska kúakynsins. *Rit LbhÍ* nr 14: bls 47-54.

**Grétar Hrafn Harðarson**, Eiríkur Þórkelsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, 2007. Uppeldi kálfa. Áhrif kjarnfóðurs með mismiklu tréni á vöxt og heilbrigði kálfa. *Fræðaging landbúnaðarins* 2007. 4. bls 234-239.

**Grétar Hrafn Harðarson**, Arngrímur Thorlacius, Bragi Líndal Ólafsson, Hólmgeir Björnsson, Tryggvi Eiríksson, 2006. Styrkur snefilefna í heyi. *Fræðaging landbúnaðarins* 2006: 179-189.

Baldur Helgi Benjamínsson, **Grétar Hrafn Harðarson**, Þorsteinn Ólafsson, 2005. Gangur burða hjá íslenskum kúm. *Freyr* 2005:101:5:10-12.

**Grétar Hrafn Harðarson**, Klaus Lønne Ingvarsen, 2005. Energy metabolism in the periparturient dairy cow. *Fræðaging landbúnaðarins* 2005: 94-102.

Baldur Helgi Benjamínsson, **Grétar Hrafn Harðarson**, Þorsteinn Ólafsson, 2005. Munur á meðferð og aðbúnaði gripa á búum með mikil og lítil vanhöld kálfa. Helstu niðurstöður könnunar. *Fræðaging landbúnaðarins* 2005: 104-115.

**Grétar Hrafn Harðarson**, 2004. Bygg í fódri mjólkurkúa. *Freyr* 100(3): 48-49.

Sigurður H Richter, **Grétar Hrafn Harðarson** og Emma Eypórsdóttir 2005. Niðurstöður úr rannsókn á sníkjudýrasýkingum sauðfjár í beitartilraunum á Stóra-Ármóti, sumarið 2004. Ársskýrsla Keldna 2004. Rannsóknarskýrsla, 40 bls. Fjölrit.

Bragi Líndal Ólafsson, Jóhannes Sveinbjörnsson og **Grétar Hrafn Harðarson**, 2004. Kolvetni í fódri jörturdýra. *Fræðaging landbúnaðarins* 2004, bls. 156-163.

**Grétar Hrafn Harðarson**, 2003. Fóðrun og framleiðslusjúkdómar mjólkurkúa. *Freyr* 99(9): 17-22.

Bragi Líndal Ólafsson, Eiríkur Þórkelsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Tryggvi Eiríksson, **Grétar Hrafn Harðarson**, Emma Eypórsdóttir, 2002. Áhrif fódunar á efnainnihald í mjólk. *Ráðunautafundur* 2002, bls. 55-59.

**Grétar Hrafn Harðarson**, Bjarni Guðmundsson, Eggert Gunnarsson, 2002. Þol Salmonella typhimurium í votverkuðu heyi. *Ráðunautafundur* 2002, bls. 300-304.

**Grétar Hrafn Harðarson**, 2001. Is the Modern High Potential Dairy Cow Suitable for Organic Farming Conditions? *Acta Veterinaria Scandinavica. Supplement* 95, 63-67. Erindi flutt á NKVet ráðstefnu um lífrænan landbúnað í Hveragerði 5-8. október 2000.

# 106. aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands

haldinn 11. apríl. 2014 í Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum.

## 1. Fundarsetning, Guðbjörg Jónsdóttir formaður.

Guðbjörg Jónsdóttir setti fundinn og bauð fulltrúa, starfsmenn og gesti velkomna. Hún gerði það að tillögu að Gunnar Eiríksson, Túnsbergi stýrði fundi og Halla Kjartansdóttir og Grétar Már Þorkelsson starfsmenn Búnaðarsambandsins rituðu fundargerð.

## 2. Skipan kjörbréfanefndar, Sveinn Sigurmundsson.

Sveinn Sigurmundsson bar upp tillögu um skipan kjörbréfanefndar; Bjarni Þorkelsson, Oddný Steina Valsdóttir, Ólafur Helgason. Tillagan samþykkt.

## 3. Skýrsla stjórnar, Guðbjörg Jónsdóttir formaður.

Á aðalfundinum sem haldinn var 17. apríl á Hótel Kötlu, Höfðabrekku urðu engar breytingar á stjórninni, en kosið var um stjórnarmann úr Vestur-Skaftafellssýslu. Á starfsárinu 2013 voru haldnir sex stjórnarfundir. Formannafundur Búnaðarsambandsins var haldinn að Árhúsum 17. janúar þar sem mál vegna komandi Búnaðarþings voru rædd. Gestir fundarins voru formaður og framkvæmdastjóri BÍ sem fóru yfir afdrif mála frá síðasta Búnaðarþingi. Á fundinn kom Jón Geir Pétursson skrifstofustjóri umhverfisráðuneytisins og fjallaði um samstarf Umhverfisstofnunar og bænda. Grétar Már Þorkelsson starfsmaður BSSL flutti erindi um málefni sem snúa að álftum og gæsum. Samráðsfundur var haldinn að venju þegar mál lágu fyrir til Búnaðarþings með stjórn og öllum fulltrúum af svæðinu.

Gunnar K. Eiríksson var fulltrúi stjórnarinnar í nefnd sem fjallaði um hlutverk og framtíð búnaðarsambandanna. Nefndin skilaði niðurstöðu sinni fyrir Búnaðarþing og hefur þessi vinna m.a. verið lögð til grundvallar í vinnu sem er í gangi um endurskoðun á félagskerfi bænda. Fækkað var í stjórn Bændasamtakanna, nú eru fimm í stjórn.

Stjórn Búnaðarsambandsins hefur tekið ákvörðun um að byggja nýtt fjárhús á Stóra-Ármóti. Ragnar Finnur Sigurðsson Litla-Ármóti vann að hönnun hússins í samráði við framkvæmdastjóra, tilraunastjóra og bústjóra.

Fyrir liggur félagsleg ákvörðun um að taka yfir kúasæðingar í Austur-Skaftafellssýslu á þessu ári, auk þess liggur fyrir formleg ósk Búnaðarsambands Austurlands sama efnis sem borist hefur stjórninni og verður rædd á aðalfundinum.

Verkefnin á starfsárinu hafa mest snúist um þær

miklu breytingar á starfsemi Búnaðarsambandsins sem urðu með tilkomu RML. Unnið hefur verið að því aðlagast nýrri stöðu í starfseminni og kortleggja reksturinn.

Það er ljóst að miklar breytingar eru í farvatninu varðandi innheimtu búnaðargjalds til félagslegrar starfsemi. Landbúnaðarráðherra hefur boðað að frumvarp verði lagt fyrir í haust um lækkun búnaðargjalds og ekki verði heimild til að nota það í félagslega starfsemi. Fara verður í vinnu í samráði við grasrótina að móta félagskerfi bænda, enda verður hagsmunagæslan kostuð af félagsgjöldum í framtíðinni. Hafa ber í huga að sterk eignastaða og góður rekstur Búnaðarsambands Suðurlands er traustur bakhjarl okkar. Guðbjörg gaf ekki kost á sér áfram sem formaður og vildi hún þakka stjórn og starfsfólki Búnaðarsambandsins gott samstarf á árinu sem og bændum.

## 4. Reikningar BSSL og skýrsla framkvæmdastjóra, Sveinn Sigurmundsson.

Sveinn fór yfir reikninga Búnaðarsambandsins fyrir árið 2013. Búnaðarsamböndin í landinu eru að fá 20 milljónir af 338 sem ætlaðar til leiðbeiningastarfs af búnaðarlagasamningi. Sveinn fór yfir starfsfólk, fyrirtæki og verkefni BSSL, samstarf við RML, m.a. útleigu tækja og húsnæðis ásamt því sem hluti starfsmanna BSSL er með verkefni og ákveðið starfshlutfall hjá RML. Verkefni fyrir austan eru að minnka m.a. vegna yfirfærslu fóðureftirlits til MAST.

Velta síðasta árs var 74.2 milljónir, en tap fyrir utan fjármagnsliði var upp á 1,2 milljónir. Að teknu tilliti til þeirra, dótturfélags og skatta er hagnaður Búnaðarsambandsins 5,6 milljónir.

Kynbótastöð Suðurlands var með hagnað upp á 8,1 milljónir. Fastráðnum frjótæknum hefur fækkað, í fjóra úr fimm og sinna þeir sæðingum frá Vík að Hellisheiði en svo sér starfandi kúabóndi um sæðingar í Skaftárhreppi. Starfsdagur frjótækna hefur lengst en á móti kemur að nú fá þeir frí aðra hverja helgi og þá 4 daga í senn. Framkvæmdar voru 19.120 sæðingar á árinu 2013. Lækkun hefur orðið á kostnaði við akstur í 36,08 kr/km, eknir eru að meðaltali 16 km á sæðingu. Kynbótastöðin tók yfir sæðingar í A-Skaft. nú um áramótin. Lögð er rík áhersla á að rekstri Kynbótastöðvarinnar verði haldið áfram hér. Það á ekki að hækka sæðingagjöld að svo stöddu. Þorsteinn Ólafsson er væntanlegur til starfa hjá Nautastöð BÍ á miðju ári.

Aukning varð í klaufsnyrtingu milli ára en snyrtar voru klaufir á 4261 kú á 118 bæjum. Ódýrast að fá



klaufskurð á kúm hér á þessu svæði, en komugjald er 15000.- og tímagjald er 5000.- og meðalkostnaður á kú er 1000.- sem bóndi greiðir.

Sauðfjársæðingastöðin var með tekjur uppá 12.9 milljónir og hagnaður þar upp á 300 þúsund. Sæddar ær með fersku sæði voru 14.486. Fanghlutfall með öllu sæði frá stöðinni var 66%, sem þykir gott á landsvísi, enda erum við með dýralækni sem gæðametur sæðið og ákveður meðhöndlun þess samkvæmt þéttleika. Ásókn í ferskt sæði er mest í 10 daga og því betra að vera með tvær stöðvar. Mikil þátttaka er í sæðingum í uppsveitum Árnassýslu.

Hagnaður á Stóra-Ármóti var tæpar 7,5 milljónir og gekk búreksturinn vel. Búið er nánast skuldlaust. Tekjur hækkuðu um 1.600 þúsundir en gjöld voru óbreytt. Samstarf er við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri um rannsóknir. BSSL ræður tilraunamanninn og greiðir honum laun, en innheimtir svo aftur hjá Lbhí. Það hefur vantað kraft og starfsfólk í tilraunir en núverandi tilraunir eru í tengslum við NorFor og er tilraunamaður Baldur I. Sveinsson. Byrjað er að byggja 308 m<sup>2</sup> fjárhús, í samræmi við upphaflegt gjafabréf þeirra sem gáfu BSSL Stóra-Ármót. Þar er kveðið á um að rekin yrði öflug starfssemi tengd sauðfjarrækt. Guðbjörg Jónsdóttir var aðalhvatamaður að byggingu fjárhússins. Þá skapast góð aðstaða fyrir námsskeið sem tengjast sauðfjarrækt.

Miklar breytingar eru framundan á félagskerfi bænda. Á nýliðnu Búnaðarþingi boðaði ráðherra í ANR að lög um búnaðargjald yrði endurskoðuð og miklar líkur á að búnaðargjald verði lækkað og ekki notað til félagslegrar starfssemi. Búgreinafélög munu hugsanlega verða af miklum fjármunum og þurfa að leita annarra leiða til fjármögnunar. Félagsgjöld og frjáls aðild að félögum koma í staðinn sem gæti leitt til þess að að félagskerfi bænda verði veikara.

Sveinn þakkaði að lokum bændum og samstarfsfólki ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

### 5. Umræður um skýrslur og reikninga.

Páll á Galtalæk sté í pontu, hann hvatti menn til að hlúa að félagsstarfinu og passa það að starfsemi Búnaðarsambandsins yrði áfram öflug. Það væri áfram þörf á heildaraffli bænda.

Þorsteinn Ágústsson taldi að stofnun RML hafi ekki verið til hagsbóta fyrir bændur, og taldi þann gjörning ekki hafa skapað skilyrði til hagræðingar.

Valdimar Guðjónsson taldi að þær breytingar sem orðið hafa á landbúnaðarkerfinu og þ.m.t stofnun RML hafi verið þörf og sagði að svona miklar breytingar muni taka tíma. Þær muni leiða til öflugra starfs og aðgengilegri sérfræðinga. Hann þakkaði Guðbjörgu á Læk fyrir vel unnin störf og gott samstarf. Hann sagði einnig að hann og fleiri hafi rætt mögulegt samstarf um sæðingar á svæði Búnaðarsambands Austurlands og hafi menn tekið því vel.

Sveinn Sigurmundsson sagði að þó að eftirsjá hafi

verið af því starfi sem Búnaðarsamband Suðurlands stóð fyrir telji hann að markmið RML sé af hinu góða og vill líta svo á að þarna séu jákvæðir möguleikar hvað varðar sérhæfingu starfsmanna og faglega þjónustu við bændur. Hinsvegar sé fjárhagsstaða RML ekki góð en fyrirtækið þurfi tíma til að endurskipuleggja sig.

Guðbjörg Jónsdóttir sagði að RML hafi tveggja ára aðlögunartíma, það sé rekið að mestu fyrir almannafé en breytingar verða á því innnan tíðar og þarf fyrirtækið að takast á við það. Bændur þurfa að vinna að því að finna leiðir til að styðja við starfsemi Búnaðarsambandsins.

### 6. Matarhlé.

#### 7. Kjörbréfanefnd skilar álit.

Oddný Steina Valsdóttir formaður nefndarinnar tók til máls. Rétt til setu eiga 31 búnaðarfélög, þar af 2 með 2 fulltrúa. Búgreinafélögin 6 eiga rétt á 17 fulltrúum. Kjörbréf eru lesin upp og í ljós kemur að eftirfarandi fulltrúar eru mættir:

#### **Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps**

*Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli.*

#### **Búnaðarfélag Sandvíkurhrepps**

*Ari Páll Ögmundsson, Stóru-Sandvík IV.*

#### **Búnaðarfélag Hraungerðishrepps**

*Baldur Indriði Sveinsson, Litla-Ármóti.*

#### **Búnaðarfélag Villingaholtshrepps**

*Bjarni Pálsson, Syðri-Gróf.*

#### **Búnaðarfélag Skeiðahrepps**

*Jón Vilmundarson, Skeiðháholti.*

#### **Búnaðarfélag Gnúpverjahrepps**

*Einar Gestsson, Hæli.*

#### **Búnaðarfélag Hrunamannahrepps**

**Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti.**

*Páll Jóhannsson Nípstúni.*

#### **Búnaðarfélag Bláskógabyggðar**

*Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð 2.*

#### **Búnaðarfélag Þingvallahrepps**

*Gunnar Þórisson, Fellsenda.*

#### **Búnaðarfélag Grímsneshrepps**

*Björn Snorrason, Björk II.*

#### **Búnaðarfélag Ölfushrepps**

*Pétur Guðmundsson, Hvammi.*

#### **Búnaðarfélag Eyrarbakka**

*Enginn fulltrúi.*

#### **Búnaðarfélag A-Eyjafjallahrepps**

*Enginn fulltrúi.*

#### **Búnaðarfélag V-Eyjafjallahrepps**

*Ragnar Lárusson, Stóra-Dal.*

#### **Búnaðarfélag A-Landeyjarhrepps**

*Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu.*

#### **Búnaðarfélag V-Landeyjarhrepps**

*Sævar Einarsson, Stíflu.*

#### **Búnaðarfélag Fljótshlíðarhrepps**

*Páll Eggertsson, Kirkjulæk.*

**Búnaðarfélag Hvolhrepps**

*Enginn fulltrúi.*

**Búnaðarfélag Rangárvallahrepps**

Ásgerður Sjöfn Guðmundsdóttir, Lambhaga.

**Búnaðarfélag Landmannahrepps**

*Páll Sigurjónsson, Galtalæk.*

**Búnaðarfélag Holtahrepps**

*Daníel Magnússon, Akbraut.*

**Búnaðarfélag Djúpárhrepps**

*Enginn fulltrúi.*

**Búnaðarfélag Ásahrepps**

*Enginn fulltrúi.*

**Búnaðarfélag Hörgslandshrepps**

*Jón Jónsson, Prestsbakka.*

**Búnaðarfélag Kirkjubæjarhrepps**

Pórarinn Bjarnason, Þykkvabæ 1.

**Búnaðarfélag Álftavers**

*Engin fulltrúi.*

**Búnaðarfélag Leiðvallahrepps**

*Engin fulltrúi.*

**Búnaðarfélag Skaftártungu**

*Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ljótastöðum.*

**Búnaðarfélag Hvammshrepps**

Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Giljum.

**Búnaðarfélag Dyrhólahrepps**

*Gunnar Þormar Þorsteinsson, Vatnskarðshólum.*

**Félag sauðfjárbænda í Árnæssýslu**

Ágúst Ingi Ketilsson, Brúnastöðum.

*Sævar Bjarnhéðinsson, Arnarholti.*

**Félag sauðfjárbænda í Rangárvallasýslu**

*Erlendur Ingvarsson, Skarði.*

*Oddný Steina Valsdóttir, Butru.*

*Baldur Björnsson, Fitjamyri.*

**Félag sauðfjárbænda í V-Skaftafellssýslu**

*Fanney Ólöf Lárusdóttir, Kirkjubæjarklaustri.*

**Loðdýraræktarfélag Suðurlands**

*Engin fulltrúi.*

**Hrossaræktarsamtök Suðurlands**

*Bjarni Þorkelsson, Þóroddsstöðum.*

*Sigríkur Jónsson, Syðri-Úlfsstöðum.*

*Þuríður Einarsdóttir, Oddgeirshólum.*

*Viðar Steinarsson, Kaldbak.*

**Félag kúabænda á Suðurlandi**

*Elín B. Sveinsdóttir, Egilsstaðakoti.*

*Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ.*

*Samúel U. Eyyólfsson, Bryðjuholti.*

*Ólafur Helgason, Hraunkoti.*

*Jórunn Svavarsdóttir, Drumboddsstöðum 1.*

Mættir voru 39 fulltrúar.

Álit kjörbréfanefndar er samþykkt samhljóða.

**8. Flutningur stjórnssýsluverkefna frá****Bændasamtökum Íslands til stofnana atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Jón Baldur Lorange.**

Jón Baldur Lorange frá Bændasamtökum Íslands,

tók til máls. Jón sagði þetta aðallega snúast um stjórnssýsluverkefni sem yrðu flutt frá BÍ til stofnana atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Yfirlit verkefna á að vera tilbúið fyrir 15. apríl 2014 en lagafrumvarp og drög að breytingum fyrir 20. ágúst 2014. Talið er óæskilegt að BÍ sjái um framkvæmd og eftirlit með stjórnssýsluverkefnum sem þau hafa haft yfirumsjón með hingað til.

Jón Baldur fór yfir markmið landbúnaðarstefnunnar sem er nátengd búvörusamningum og hagsmunum bænda almennt. Jón sagði frá þeirri vinnu sem verið hefur á höndum BÍ við ýmsa gagnagrunna og þau verðmæti sem þessir gagnagrunnar hafa að geyma. Hann taldi einnig að farsælast væri að öll þessi gögn væru vistuð á einum stað sem gæti verið nokkurskonar búnaðarstofa. Markmiðið væri að tryggja faglega framkvæmd sem hlýst af því að koma verkefnum og þekkingu á einn stað undir einni yfirstjórn. Tryggja betri samræmingu og þekkingu á viðfangsefninu, skapa ný tækifæri og stöðugleika í allri framkvæmd. Búnaðarstofan bæri ábyrgð á öllum gangagrunnunum og að sérfræðipekking á regluverki væri þar alltaf til staðar. Þá hefði hún þrjú meginsvið þ.e. greiðslustofu, stöðdeild og Búnaðarstofu innri. Setti hann fram verkefnið kortlagt sem sýndi glögggt hve flókið og margþætt þetta verkefni er.

**9. Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóri B.Í.**

Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands tók til máls. Hann fór yfir starfsemi Bændasamtakanna og RML. Eiríkur sagði frá því að nú væri m.a. verið að vinna að því að finna fjármuni fyrir félagskerfi bænda sem rýrnaði mjög við breytingar á starfsemi Búnaðarsambandanna og breytingar á búnaðargjaldinu. Hugmyndir eru um að nota megi búnaðargjaldið til Bjargráðasjóðs, almenns kynningarstarfs og ráðgjafar. Þá kom hann inn á mál er varða innflutning á hráu kjöti og þá vinnu sem BÍ lagði í til að koma í veg fyrir það með tilliti til sjúkdómavarna. ESA telur að fyrirkomulag laga um innflutning á hráu kjöti samræmist ekki EES reglum.

Eiríkur fór yfir mál er rætt var á Búnaðarþingi um framleiðslu lífrænna afurða og hvaða möguleikar væru fyrir hendi í þeim málum. Kröfur erlendis til lífrænna framleiðslu eru almennt ekki eins strangar og hérlendis. Eiríkur sagði einnig frá málum er varða tjón vegna álfta og gæsa og áfram sé unnið að þeim málum. Meiri áhugi virðist vera á álfta- og gæsamálum í umhverfisráðuneytinu.

Vinna er hafin að gerð landbúnaðarstefnu með tillit til gerðar nýs búvörusamnings. Eiríkur kom inn á mál er varða innflutning erfðaefnis þá aðallega til kynbóta á Angus nautgripum þar sem vöntun er á nautakjöti, en það hefur verið á dagskrá undanfarin ár og verið mjög umdeilt. Eiríkur sagði frá viðbrögðum Bændasamtakanna vegna upprunamerkinga matvæla. Eiríkur kom inn á loftslagsmál sem verið hafa í

umræðunni. Þar er komið inn á fæðuöryggismál og eru Bændasamtökin þegar farin að hugsa um þessi mál. Möguleikar Íslendinga í þessum málum er að framleiða meiri mat. Þar sem skilyrði til ræktunar ýmissa tegunda aukist með hærri hitastigi. Eiríkur sagði lítillaga frá sameiningarmálum Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Eiríkur útskýrði starfsemi RML og hvaða tilgangi því væri ætlað að ná. Eiríkur sagði að tap hafi verið á fyrsta starfsári RML en ástæður voru fyrir því. Markmiðið með stofnun RML var að búa til faglega ráðgjafapakka og selja þjónustu. Það hefur komið stjórnendum þar á óvart að eftirpurn eftir ráðgjöf var minni en talið var. Eiríkur sagði að stöðugar breytingar væru á starfsemi búnaðarsambandanna og hvaða verkefni gætu hugsanlega hentað þeim.

Þá var opnað fyrir fyrirspurnir.

Samúel U. Eyjólfsson, Bryðjuholti spurði um verðmiðann á Nautastöðinni.

Páll Sigurjónsson, Galtalæk spurði hvað lífræn ræktun þýddi, þar sem skortur á matvælum væri yfirvofandi og taldi hann að þetta hentaði ekki í íslenskum landbúnaði m.t.t. veðurfars. Páll taldi að slæmt væri að of margir málaflókkar væru komir til MAST sem hefði litla tengingu við bændur. Páll kom einnig inn á tolla á landbúnaðarafurðir.

Erlendur á Skarði kom einnig inn á tollamál og hræddist þá umræðu sem yrði ef bændur næðu ekki að anna eftirspurn eftir fersku kjöti. Hann spurði einnig hvort ekki væri tækifæri núna til að selja Hótel Sögu þar sem uppgangur væri í ferðaþjónustu. Hann spurði einnig hvort að það væri eftirspurn eftir lífrænum afurðum.

Páll Jóhannsson, Núpstúni taldi að samræma þyrfti ýmsa gagnagrunna og lagfæra suma eins og Huppuna. Hann spurði hvers vegna er ekki hægt að skoða gripi í Huppu eins og í WorldFeng. Hann sagði einnig að talsmenn BÍ mættu vera duglegri að svara pistlum Þórólfs Matthíassonar vegna rangfærslna hans.

Bjarni Þorkelsson, Þóroddsstöðum orti vísu vegna erindis Sveins, þar sem mikið var um smátt letur varðandi reikninga Búnaðarsambandsins og er vísan svona:

Rausnarbú er rekið hér  
og ræðan vekur sálartetrið  
ef hinsvegar útaf ber:  
einfalt mál að smækka letrið

Eiríkur Blöndal svaraði varðandi Nautastöðina að þar væri einungis talað um að búa mætti til hlutafélag um hana og það dytti engum í hug að ætla að græða á henni.

Um lífræna ræktun sagði Eiríkur að mikið væri til að ónotuðu landi og ef að regluverk um ræktunina væru vægari yrði jafnvel ágæt skilyrði til þessháttar framleiðslu. Í Danmörku til að mynda mætti nota búfjáraburð frá öðrum búum. Eiríkur taldi að eftirspurn væri eftir ákveðnum lífrænum vörum og sagði lífræn

bú erlendis ekki síður vélvædd en önnur bú.

Niðurstaða Búnaðarþings um það hvort selja ætti Hótel Sögu var sú að reka hótelið áfram. Eiríkur sagði að varðandi Þórólf væri stundum erfitt að svara og það skilaði ekki alltaf árangri. Það hefði þó oft verið gert með rökstuðningi.

Jón Baldur svaraði því til varðandi forrit bændasamtakanna að þá séu þessi kerfi í stöðugri þróun og þá með tilliti til þeirrar skyldu bænda er snýr að ýmsum reglugerðum og búfé. Varðandi Huppu og aðgengi að gripum annarra líkt og er í Worldfeng, að þá er lítið svo á að gögn í Huppu séu eign bænda. Upp hafi komið óskir varðandi Worldfenginn að aðrir sæju ekki allt um gripi annarra.

## 10. Tillögur lagðar fram og kynntar

### 11. Nefndir hefja störf

Sveinn Sigurmundsson lagði til að nefndirnar yrðu 3 sem hér segir; Allsherja- og framtíðarnefnd formaður Gunnar Eiríksson Túnsbergi, laganevnd formaður Valdimar Guðjónsson Gaulverjabæ og fjárhagsnefnd formaður Fanney Ólöf Lárusdóttir, Kirkjubæjarklaustri.

### 12. Kosningar. Kosið um 2 stjórnarmenn og 2 í varastjórn úr Árnassýslu. Kosið um 2 skoðunarmenn til tveggja ára og 2 til vara.

#### Niðurstöður kosninga - aðalmenn Árnassýslu

Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi gaf kost á sér aftur og var kosinn með 37 atkvæðum ásamt Baldri Indriða Sveinssyni, Litla-Ármóti með 35 atkvæðum.

#### Niðurstöður kosninga – varamenn Árnassýslu

Gerð var tillaga um að María Hauksdóttir, Geirakoti og Helgi Eggertsson, Kjarri yrðu áfram og var það samþykkt samhljóða.

#### Niðurstöður kosninga – skoðunarmenn til tveggja ára

Gerð var tillaga um Theódór Vilmundarson, Efstadal og Páll Eggertsson, frá Kirkjulæk. Var það samþykkt samhljóða.

#### Niðurstöður kosninga – skoðunarmenn til vara

Gerð var tillaga um að Elín Bjarnheiður Sveinsdóttir, Egilsstaðakoti og Valdimar Guðjónsson í Gaulverjabæ yrðu áfram til tveggja ára. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 13. Tillögur lagðar fram frá nefndum, umræður, afgreiðsla.

### Tillaga nr. 1 frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum 11. apríl 2014, samþykkir að árgjald til Búnaðarsambands Suðurlands

fyrir árið 2014 verði alls kr. 2.000,- á félagsmann.

Enginn kvað sér hljóðs. Tillagan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### **Tillaga nr. 2 frá fjárhagsnefnd**

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum 11. apríl 2014, samþykkir að þóknun aðalfundarfulltrúa miðist við sem svarar tvöföldum dagpeningum ríkisstarfsmanna. Það er kr. 21.600,-

Enginn kvað sér hljóðs. Tillagan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### **Tillaga nr. 3 frá fjárhagsnefnd**

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum 11. apríl 2014, samþykkir að laun stjórnarmanna verði kr. 17.808,- (sem er kr. 10.000 framreiknað með launavísitölu frá apríl 2005) fyrir hvern stjórnarfund auk dagpeninga og aksturs samkvæmt ríkistaxta. Formaður fái tvöföld laun og dagpeninga á við aðra stjórnarmenn auk aksturs. Formaður fái að auki eingreiðslu sem nemur kr. 296.534,- (sem er kr. 150.000 framreiknað með launavísitölu frá árinu 2003).

Guðbjörg ræddi tillöguna og sagði fundi stjórnar hafa fækkað frá því sem áður var. Tillagan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### **Tillaga nr. 4 frá fjárhagsnefnd**

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum 11. apríl 2014, samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2014.

Enginn kvað sér hljóðs. Tillagan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### **Tillaga nr. 5 frá allsherjarnefnd**

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum 11. apríl 2014, beinir því til stjórnar Búnaðarsambands Suðurlands að fyrirkomulag innheimtu árgjalds af félagsmönnum verði endurskoðað.

Greinargerð:

Eðlilegt má teljast að félög og félagasamtök innheimti sín félags- og árgjöld og beri þann kostnað sem til fellur.

Staða félagsmanna 70 ára og eldri verði skoðuð sérstaklega. Hjá Búnaðarfélagi Landmanna eru 70 ára og eldri ævifélagar með fullum réttindum og skyldum en greiða ekki félagsgjald til félagsins en fullt árgjald til BSSL.

Aðildarfélög Búnaðarsambandsins; búnaðarfélög, búgreinafélög hafa séð um innheimtu árgjalds fyrir BSSL. Þessu fyrirkomulagi fylgja ýmsir gallar fyrir aðildarfélög BSSL.

Sem dæmi má nefna að ef árgjald er ekki greitt fyrir 1. desember ár hvert verða aðildarfélögin að leggja út

fyrir gjaldinu og fjölmörg dæmi eru um að viðkomandi fjárhæð fáist aldrei greidd til aðildarfélaganna.

Innheimta árgjalds BSSL og félagsgjald aðildarfélaganna í einu lagi virkar íþyngjandi fyrir aðildarfélögin.

Enginn kvað sér hljóðs. Tillagan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### **Tillaga nr. 6 frá allsherjarnefnd**

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum 11. apríl 2014, hvetur alla til að standa vörð um hið almenna búfræðinám á Hvanneyri, hvað sem á dynur.

Nokkrar umræður urðu um tillöguna og var henni breytt lítillega frá upprunalegu tillögunni. Tillaga borin upp til samþykktar og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða.

### **Tillaga nr. 7 frá allsherjarnefnd**

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum 11. apríl 2014, samþykkir að heimila stjórn að hefja viðræður við Búnaðarsamband Austurlands um að Kynbótastöð Suðurlands taki yfir rekstur kúasæðinga á Austurlandi um næstu áramót. Til að átta sig betur á rekstrinum er lagt til að fyrst um sinn verði hann aðskilinn frá rekstri Kynbótastöðvar Suðurlands.

Enginn kvað sér hljóðs. Tillagan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### **Tillaga nr. 8 frá fram tíðarnefnd**

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn í Félagsheimili Hrunamanna, Flúðum 11. apríl 2014, telur mikilvægt að standa vörð um þá starfsemi, sem samtökin standa fyrir nú, og gagnast bændum vel.

Jafnframt beinir fundurinn því til stjórnar Búnaðarsambands Suðurlands að mörkuð verði framtíðarstefna um félagskerfið og hagsmunagæslu fyrir bændur, í samstarfi við aðildarfélögin.

Nokkrar umræður urðu um tillöguna. Guðbjörg Jónsdóttir útskýrði tillögu nánar fyrir fundarmönnum. Tillaga borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

### **14. Reikningar bornir undir atkvæði.**

Reikningar BSSL fyrir 2013 voru bornir upp til samþykktar og voru samþykktir samhljóða með handauppréttingu.

### **15. Önnur mál**

Erlendur í Skarði kom í pontu og taldi það gott fyrir búnaðarþingsfulltrúa að fá skýr fyrirmæli frá formannafundi. Gætu þá verið búnir að undirbúa tillögur frá formönnum fyrir Búnaðarþing.

Baldur Indriði á Litla-Ármóti þakkaði fyrir það traust sem honum var sýnt með kosningu í stjórn Búnaðarsambandsins og þakkaði Guðbjörgu fyrir sín

störf.

Guðrún í Hlíðarendakoti sagði að búnaðarþingsfulltrúar færu í öllum tilfellum með mál frá bændum á Búnaðarþing.

Páll á Galtalæk kom með tillögu er varðar landnotkun og að tillagan yrði skoðuð af stjórn Búnaðarsambands Suðurlands.

Tillagan er svohljóðandi: Páll á Galtalæk beinir því til stjórnar BSSL varðandi breytingar á landnotkun að búnaðarsamböndin hafi umsagnarétt um landnot bújarða og breytingar á landbúnaðarlandi til annarra nota.

Tillaga Páls á Galtalæk var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Guðbjörg Jónsdóttir sagði að Bændasamtökin hefðu talsvert með málefni landnotkunar að gera og í gangi sé vinna við kortlagningu landbúnaðarlands og frekari skilgreiningu á því.

Ragnar í Stóra-Dal kom og þakkaði Guðbjörgu gott samstarf og einnig óskaði hann Baldri til hamingju með

kjörið.

Sveinn Sigurmundsson kom upp og þakkaði Guðbjörgu gott samstarf og færði henni blóm sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf.

## 16. Fundarslit, Guðbjörg Jónsdóttir

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og gaf Guðbjörgu Jónsdóttur formanni orðið. Guðbjörg þakkaði fundarstjóra, fundarmönnum og samstarfsfólki fyrir samstarfið og sleit fundi.

Fundið slitið kl. 17:20.

Grétar Már Þorkelsson,

Halla Kjartansdóttir

---

# Lög Búnaðarsambands Suðurlands

## 1. gr.

Búnaðarsamband Suðurlands er samband búnaðar- og búgreinafélaga sem starfa að einhverju eða öllu leyti í Árnassýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu. Það er aðili að Bændasamtökum Íslands. Heimili og varnarþing þess er á Selfossi. Nái starfssvæði aðildarfélags inn á starfssvæði annars búnaðarsambands skal leitað eftir samstarfssamningi við það.

## 2. gr.

Aðild að Búnaðarsambandinu geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar, sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni, enda séu þeir félagar í búnaðar- eða búgreinafélagi, sbr. 1. gr.

Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda búrekstur í eigin nafni eða annarra. Undir búrekstur fellur hverskonar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylækt. Einnig eftirfarandi starfsemi fari hún fram á lögbýlum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla, úrvinnsla og þjónusta.

Einstaklingar sem félagar eru í fleiri en einu aðildarfélagi skulu tilnefna eitt þeirra sem sitt aðalfélag, sem þar með ber ábyrgð á aðild þeirra. Samkvæmt því skal Búnaðarsambandið halda skrá yfir aðildarfélög sín og samræmda félagaskrá yfir alla félagsmenn þeirra. Sú félagaskrá er jafnframt félagaskrá Búnaðarsambandsins.

## 3. gr.

Tilgangur Búnaðarsambandsins er að vera heildarsamtök sunnlenskra bænda og vera í forsvari fyrir sunnlenskan landbúnað.

Efla hvers konar framfarir í landbúnaði, gæta hagsmuna og auka hagsæld þeirra sem landbúnað stunda

Að framfylgja á hverjum tíma gildandi löggjöf um íslenskan landbúnað í samstarfi við þá aðila sem annast framkvæmd slíkra laga.

## 4. gr.

Búnaðarsambandið hyggst ná tilgangi sínum með því að:

- Vera í forsvari fyrir sunnlenskan landbúnað, koma fram fyrir hans hönd og annast kynningu á honum og standa vörð um hagsmuni sunnlenskra bænda.
- Reka ýmis konar þjónustu fyrir bændur, eftir því sem þörf er fyrir á hverjum tíma.
- Styðja hverskonar félagslega starfsemi í héraðinu sem stuðlar að framförum í landbúnaði.
- Annast miðlun fróðleiks og kynningarefnis eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.
- Vera tengiliður aðildarfélaganna og félagsmanna við Bændasamtök Íslands. Sjá um kosningu til Búnaðarþings og önnur þau hlutverk sem kveðið er á um í samþykktum Bændasamtaka Íslands.
- Annast ýmiskonar umsóknir, eftirlit, umsjón,

úttektir og vottun eftir því sem lög og reglur kveða á um.

- g. Sjá um rekstur þeirra fyrirtækja sem eru í eigu Búnaðarsambandsins og annast eignir þær, sem eru innan vébanda þess.

5. gr.

Heimilt er Búnaðarsambandinu að innheimta árgjald af félögum. Skal þá hvert aðildarfélag standa skil á greiðslu þess í samræmi við fyrirliggjandi félagaskrá samkv. 2. gr. Árgjald Búnaðarsambandsins er ákveðið á aðalfundi sambandsins hverju sinni fyrir næsta ár. Gjöldum þessum skal skilað fyrir 1. desember ár hvert ásamt félagatali. Reikningsár Búnaðarsambandsins er almanaksárið.

6. gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins skal skipuð fimm mönnum. Formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Kosnir skulu jafnmargir til vara. Stjórn og varastjórn skal þannig skipuð: Úr Vestur-Skaftafellssýslu einn stjórnarmaður, úr Rangárvallasýslu tveir og úr Árnessýslu tveir. Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu kosnir til þriggja ára, þannig að Árnesingar skulu kosnir eitt árið, Rangæingar annað árið og Vestur-Skaftfellingar hið þriðja.

Tveir skoðunarmenn reikninga skulu kosnir til tveggja ára í senn og tveir til vara. Skoðunarmaður reikninga skal eigi starfa lengur en sex ár í senn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún ræður framkvæmdastjóra, er sér um daglegan rekstur sambandsins, reikningshald og ráðningu starfsfólks í samráði við stjórn sambandsins.

7. gr.

Aðalfundur Búnaðarsambandsins skal haldinn árlega, eigi síðar en í júní-mánuði. Skal boða til hans með minnst hálfsmánaðar fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti kjörnir fulltrúar félaga sem aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands hefur samþykkt sem aðildarfélög. Hvert aðildarfélag á rétt á fulltrúum sem hér segir: Þar sem félagatala er allt að 60, einn fulltrúa.

Þar sem félagatala er 61-120, tvo fulltrúa. Þar sem félagatala er 121-180, þrjú fulltrúa. Þar sem félagatala er 181-240, fjóra fulltrúa, o.s.frv.

Auk kjörinna fulltrúa eiga stjórn sambandsins og framkvæmdastjóri þess málfrelsi og tillögurétt, svo og allir félagsmenn aðildarfélaga. Atkvæðisrétt hafa aðeins kjörnir fulltrúar. Þó skal enginn fara með nema eitt atkvæði. Aðalfundur er lögmætur ef helmingur kjörinna fulltrúa er mættur ásamt meirihluta stjórnar sambandsins. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætum aðalfundi til þess að lagabreytingar hljóti löglega afgreiðslu, enda hafi tillaga að lagabreytingu verið send út með fundarboði. Auka fulltrúafund skal halda ef meirihluti stjórnar eða einn þriðji hluti kjörinna fulltrúa krefst þess.

8. gr.

Á aðalfundi skal stjórnin leggja fram til umræðu og afgreiðslu:

1. Reikninga sambandsins fyrir undanfarið ár, áritaða af skoðunarmönnum, ásamt félagaskrá skv. 2. gr.
2. Skýrslu um starfsemi sambandsins undanfarið ár.
3. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi reikningsár.
4. Kjósa trúnaðarmenn samkvæmt 6. grein.

9. gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins er heimilt að kjósa heiðursfélaga. Hvorki aðalfundur né aðrir opnir fundir eru ályktunarfærir um kjör heiðursfélaga. Fjöldi heiðursfélaga skal stilla mjög í hóf. Við kjör heiðursfélaga skal afhenda heiðurskjal undirritað af stjórnarmönnum sambandsins. Heiðursfélögum skal boðið að taka þátt í öllum hátíðarfundum sambandsins. Þeir skulu einnig boðaðir á aðalfund sambandsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt af aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands, undirritað af stjórn og staðfest af Bændasamtökum Íslands.







# Búnaðarsamband Suðurlands

---

Ársreikningur

---

## 2014

án endurskoðunar eða könnunar

---

Búnaðarsamband Suðurlands  
Austurvegi 1  
800 Selfoss  
kt. 490169-6609



# Búnaðarsamband Suðurlands

---

## Ársreikningur

---

# 2014

án endurskoðunar eða könnunar

### **Efnisyfirlit**

Áritun um faglega aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-15
Sundurliðanir	16-18

---

# Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

---

## Til stjórnar og eiganda Búnaðarsambands Suðurlands

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2014 fyrir Búnaðarsamband Suðurlands og byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkærni.


## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 8. apríl 2015

**Deloitte ehf.**

  
Halldór Arason  
endurskoðandi

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Búnaðarsambands Suðurlands höfum yfirfarið ársreikning þennan. Við teljum hann vera í samræmi við ákvæði laga og samþykktir sambandsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Selfossi, 8. apríl 2015

  
Páll Eggertsson

  
Theódór Vilmundarson

# Skýrsla stjórnar

---

Ársreikningur Búnaðarsambands Suðurlands er gerður samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum í samræmi við lög um ársreikninga.

Á árinu 2014 var hagnaður samtakanna kr. 16.057.883. Stjórn samtakanna leggur til að hagnaður ársins verði færður til aukningar á eigin fé eins og fram kemur í skýringum ársreikningsins.


Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir 279,4 milljónum króna. Eigið fé í árslok nemur 249,5 milljónum króna og hækkaði á árinu um 16,8 milljónir króna.


Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Búnaðarsambands Suðurlands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Selfossi, 8. apríl 2015

## Í stjórn

  
Ragnar M. Lárusson

  
Baldur I. Sveinsson

  
Erlendur Ingvarsson

  
Gunnar Kr. Eiríksson

  
Jón Jónsson

## Framkvæmdastjóri

  
Sveinn Sigurmundsson

# Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Seld þjónusta og afurðir .....		156.975.436	152.213.045
Starfsfé .....		30.568.261	28.644.808
Aðrar tekjur .....		7.965.461	8.579.953
		<u>195.509.158</u>	<u>189.437.806</u>
Rekstrarvörur .....		(39.226.870)	(27.201.896)
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	3	(104.292.514)	(101.383.618)
Bifreiða- og ferðakostnaður .....		(27.275.877)	(25.187.035)
Annar rekstrarkostnaður .....		(23.051.788)	(25.947.679)
Afskriftir .....	6	(5.368.341)	(5.984.744)
		<u>(199.215.390)</u>	<u>(185.704.972)</u>
<b>(Rekstrartap), rekstrarhagnaður</b>		(3.706.232)	3.732.834
Fjármunatekjur .....		1.340.094	1.262.875
Fjármagnsgjöld .....		(333.615)	(121.650)
Markaðsverðbréf .....		2.326.473	5.347.809
	4	<u>3.332.952</u>	<u>6.489.034</u>
<b>Dótturfélag</b>			
Afkoma dótturfélags .....	7	<u>16.303.551</u>	<u>7.429.260</u>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		15.930.271	17.651.128
Tekjuskattur .....	5	127.612	(3.686.640)
<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>16.057.883</u></u>	<u><u>13.964.488</u></u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

## Eignir

Skýr. 31.12.2014 31.12.2013

### Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	51.867.255	44.814.573
Eignarhlutur í dótturfélagi .....	7	86.414.551	69.374.700
Fjárfestingaverðbréf .....	8	44.876	42.890
		<u>138.326.682</u>	<u>114.232.163</u>

### Veltufjármunir

Birgðir .....	9	1.353.800	1.144.900
Viðskiptakröfur .....	10	21.057.420	31.705.568
Kröfur á dótturfélag .....	16	32.808.548	20.439.909
Aðrar skammtímakröfur .....	10	1.514.065	1.144.247
Markaðsverðbréf .....	11	67.164.023	75.305.676
Handbært fé .....	10	17.216.127	26.293.383
		<u>141.113.983</u>	<u>156.033.683</u>
<b>Eignir</b>		<u>279.440.665</u>	<u>270.265.846</u>

## Eigið fé og skuldir

### Eigið fé

Óráðstafað eigið fé .....	12	249.515.000	232.720.817
Eigið fé		<u>249.515.000</u>	<u>232.720.817</u>

### Langtímaskuldir og skuldbindingar

Tekjuskattsskuldbinding .....	13	4.254.188	4.381.800
		<u>4.254.188</u>	<u>4.381.800</u>

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir .....	14	10.086.514	10.909.522
Aðrar skammtímaskuldir .....	14	15.584.963	22.253.707
		<u>25.671.477</u>	<u>33.163.229</u>

### Skuldir

		<u>29.925.665</u>	<u>37.545.029</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>279.440.665</u>	<u>270.265.846</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður .....		(3.706.232)	3.732.834
Afskriftir .....	6	5.368.341	5.984.744
Sölutap (-hagnaður) fastafjármuna .....		72.025	(461.043)
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>1.734.134</b>	<b>9.256.535</b>
Birgðir, (hækkun) .....		(208.900)	(66.300)
Rekstrartengdar eignir, lækkun .....		10.311.544	2.066.737
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun .....		(7.491.752)	4.284.501
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>4.345.026</b>	<b>15.541.473</b>
Innborgaðir vextir og arður .....		1.773.020	1.556.157
Greiddir vextir .....		(333.615)	(121.650)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>5.784.431</b>	<b>16.975.980</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	(12.493.048)	650.286
(Hækkun), lækkun krafna á dótturfélag .....		(12.368.639)	578.620
Seld, (keypt) markaðsverðbréf .....		10.000.000	(9.061.733)
		(14.861.687)	(7.832.827)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjármögnunarhreyfingar .....		0	0
		0	0
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....		(9.077.256)	9.143.153
Handbært fé í upphafi árs .....		26.293.383	17.150.230
Handbært fé í lok árs .....		17.216.127	26.293.383

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Búnaðarsamband Suðurlands er samband búnaðar- og búgreinafélaga sem starfa að einhverju eða öllu leyti í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu. Það er aðili að Bændasamtökum Íslands.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði í árslok að teknu tilliti til niðurfærslu. Að öðru leyti er ársreikningurinn byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og er hlutdeild í afkomu færð til tekna í rekstrarreikningi. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvirkir gjaldeyris- og vaxtaáttasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur frá Búnaðarmálasjóði, búnaðarlagasamningi og búnaðarfélögum eru í meginatriðum tekjufærðar við greiðslu en tekjur af sölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Sala er skráð þegar vörur og þjónusta eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 36%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Birgðir

Birgðir eru eignfærðar á kostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

### Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði að teknu tilliti til varúðarniðurfærslu og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

# Skýringar

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2014	2013
Laun .....	85.233.882	84.618.238
Lífeyrissjóður .....	9.225.141	9.015.343
Önnur launatengd gjöld .....	8.304.945	6.156.903
Annar starfsmannakostnaður .....	1.528.546	1.593.134
	<u>104.292.514</u>	<u>101.383.618</u>
Meðalfjöldi starfa .....	18	18

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar félagsins á árinu 2014 námu 3,7 milljónum króna.

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2014	2013
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	1.095.610	991.187
Gengishagnaður .....	240	0
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	29.593	55.760
Aðrar vaxtatekjur .....	214.651	215.928
	<u>1.340.094</u>	<u>1.262.875</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Dráttarvaxtagjöld .....	(206.374)	(51.351)
Önnur vaxtagjöld .....	(127.241)	(70.299)
	<u>(333.615)</u>	<u>(121.650)</u>

Markaðsverðbréf greinast þannig:

Markaðsverðbréf hagnaður .....	2.326.473	5.347.809
	<u>2.326.473</u>	<u>5.347.809</u>
	<u>3.332.952</u>	<u>6.489.034</u>

## 5. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur tekjufærð fjárhæð í rekstrarreikningi kr. 127.612. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2015 þar sem tekjuskattsstofn félagsins er neikvæður.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2014		2013	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta .....	15.930.271		17.651.128	
Skatthlutfall .....	5.734.898	36,0%	6.354.406	36,0%
Hlutdeild í afkomu dótturfélags .....	(5.869.278)	-36,8%	(2.674.534)	-15,2%
Aðrir liðir .....	6.768	0,0%	6.768	0,0%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>(127.612)</u>	<u>-0,8%</u>	<u>3.686.640</u>	<u>20,9%</u>

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða í ársbyrjun .....	58.367.272	9.327.396	42.239.656	109.934.324
Selt og aflagt á árinu .....			(5.189.000)	(5.189.000)
Keypt á árinu .....			14.143.048	14.143.048
Staða í árslok .....	58.367.272	9.327.396	51.193.704	118.888.372
<b>Afskriftir</b>				
Staða í ársbyrjun .....	32.395.490	7.828.446	24.895.815	65.119.751
Afskrift ársins .....	1.881.311	272.874	3.214.156	5.368.341
Selt og aflagt á árinu .....			(3.466.975)	(3.466.975)
Staða í árslok .....	34.276.801	8.101.320	24.642.996	67.021.117
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	25.971.782	1.498.950	17.343.841	44.814.573
Bókfært verð í árslok .....	24.090.471	1.226.076	26.550.708	51.867.255
Afskriftarhlutföll .....	3-6%	10-20%	15-20%	
Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:				
			Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir og lóðir .....			86.530.000	164.200.000

## 7. Eignarhluti í dótturfélagi

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi	
<b>Eignarhlutar í dótturfélagi:</b>				
Stóra-Ármót ehf. ....	100,00%	10.000.000	Tilraunabú fyrir landbúnað	
			2014	2013
Staða í ársbyrjun .....			69.374.700	61.717.140
Matsbreyting bústofns .....			736.300	228.300
Afkoma ársins .....			16.303.551	7.429.260
Staða í árslok .....			86.414.551	69.374.700

## 8. Fjárfestingaverðbréf

	2014	2013
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	44.876	42.890
	44.876	42.890
	Nafnverð	Bókfært verð
<b>Önnur félög:</b>		
Ístex hf. hlutabréf .....	1.499	1.499
Stofnsjóður SS .....	39.196	43.377
	40.695	44.876

# Skýringar

## 9. Birgðir

	31.12.2014	31.12.2013
Birgðir .....	1.353.800	1.144.900
	<u>1.353.800</u>	<u>1.144.900</u>

## 10. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Innlendar viðskiptakröfur .....	24.007.430	34.360.264
Erlendar viðskiptakröfur .....	0	317.436
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(2.950.010)	(2.972.132)
	<u>21.057.420</u>	<u>31.705.568</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2014	31.12.2013
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	0	306.924
Fjármagnstekjuskattur .....	870.537	837.323
Ofgreidd opinber gjöld .....	643.528	0
	<u>1.514.065</u>	<u>1.144.247</u>

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2014	31.12.2013
Bankainnstæður í íslenskum krónum .....	17.158.061	26.276.041
Sjóður .....	58.066	17.342
	<u>17.216.127</u>	<u>26.293.383</u>

## 11. Markaðsverðbréf

	2014	2013
Staða í ársbyrjun .....	76.842.526	62.762.166
Keypt á árinu .....	0	10.061.733
Innleyst á árinu .....	(10.000.000)	(1.000.000)
Fjármagnstekjuskattur, afdreginn .....	(468.126)	(610.789)
Breyting varúðarniðurfærslu .....	(166.156)	281.607
Verðbreytingar .....	2.326.473	5.347.809
	<u>68.534.717</u>	<u>76.842.526</u>

Breytingar á varúðarniðurfærslu greinist þannig:

Staða í ársbyrjun .....	(1.536.850)	(1.255.243)
Breyting varúðarniðurfærslu .....	166.156	(281.607)
	<u>(1.370.694)</u>	<u>(1.536.850)</u>
Staða í árslok .....	<u>67.164.023</u>	<u>75.305.676</u>



# Skýringar

## 12. Eigið fé

	<u>Óráðstafað eigið fé</u>
Eigið fé 1.1. 2013 .....	218.528.029
Matsbreyting dótturfélags .....	228.300
Hagnaður ársins 2013 .....	<u>13.964.488</u>
Eigið fé 1.1. 2014 .....	232.720.817
Matsbreyting dótturfélags .....	736.300
Hagnaður ársins 2014 .....	<u>16.057.883</u>
Eigið fé 31.12. 2014 .....	<u>249.515.000</u>

## 13. Tekjuskattsskuldbinding

	<u>Skuldbinding</u>
Staða 1.1.2013 .....	(695.160)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2013 .....	(3.686.640)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2014 .....	<u>0</u>
Staða 1.1.2014 .....	(4.381.800)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2014 .....	127.612
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2015 .....	<u>0</u>
Staða 31.12.2014 .....	<u>(4.254.188)</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	<u>31.12.2014</u>	<u>31.12.2013</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	(1.769.670)	(1.108.511)
Viðskiptakröfur .....	629.870	445.769
Markaðsverðbréf .....	(6.587.198)	(4.034.649)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	3.472.810	315.591
	<u>(4.254.188)</u>	<u>(4.381.800)</u>

## 14. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

	<u>31.12.2014</u>	<u>31.12.2013</u>
Innlendar viðskiptaskuldir .....	10.086.514	10.909.522
	<u>10.086.514</u>	<u>10.909.522</u>

### Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2014</u>	<u>31.12.2013</u>
Virðisaukaskattur .....	3.408.933	8.663.781
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	9.208.940	10.622.836
Afmælisgjafasjóður .....	2.967.090	2.967.090
	<u>15.584.963</u>	<u>22.253.707</u>

# Skýringar

## 15. Aðrar skuldbindingar

Skuldbindingar vegna lífeyrisgreiðslna fyrirverandi starfsmanna eru hvorki reiknaðar né færðar í ársreikninginn. Frá og með árinu 2005 hefur kostnaður vegna skuldbindingarinnar verið dreginn frá starfsfé skv. búnaðarlögum áður en því er skipt milli búnaðarsambanda.

## 16. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint, þ.m.t. eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félögum samstæðunnar, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Engin veruleg viðskipti voru við tengda aðila á árunum 2013 og 2014.

Staða við tengd félög árið 2014:	Kröfur	Skuldir
Stóra-Ármót ehf., dótturfélag .....	32.808.548	0
	<u>32.808.548</u>	<u>0</u>
Staða við tengd félög árið 2013:	Kröfur	Skuldir
Stóra-Ármót ehf., dótturfélag .....	20.439.909	0
	<u>20.439.909</u>	<u>0</u>

## 17. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 8. apríl 2014.

# Skýringar

## 18. Samstæðuyfirlit

### Búnaðarsamband Suðurlands og Stóra Ármót ehf.

Úrdráttur úr samstæðureikningi

<b>Rekstrarreikningur</b>	2014	2013
Rekstrartekjur .....	263.395.741	238.230.002
Rekstrargjöld .....	(236.940.276)	(215.889.429)
Afskriftir .....	(11.641.720)	(10.844.569)
Fjármunatekjur - fjármagnsgjöld .....	5.376.768	8.017.288
Skattar .....	(4.132.630)	(5.548.804)
Hagnaður ársins	16.057.883	13.964.488
<b>Efnahagsreikningur</b>	31.12.2014	31.12.2013
<b>Eignir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir .....	109.285.163	84.787.184
Eignarhlutir í félögum og fjárfestingarverðbréf .....	39.051.539	37.224.225
Veltufjármunir .....	146.603.094	158.493.507
Eignir alls	294.939.796	280.504.916
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
Eigið fé .....	249.515.000	232.720.816
Langtímaskuldir og skuldbindingar .....	11.593.100	8.953.276
Skammtímaskuldir .....	33.831.696	38.830.824
Eigið fé og skuldir alls	294.939.796	280.504.916
<b>Sjóðstreymi</b>	2014	2013
Hagnaður ársins .....	14.813.745	11.496.004
Afskriftir .....	11.641.720	10.844.569
Aðrar breytingar .....	(17.514.628)	(461.043)
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	8.940.837	21.879.530
Breyting á:		
Rekstrartengdum eignum .....	(10.404.334)	384.385
Rekstrartengdum skuldum .....	(4.118.414)	3.612.616
<b>Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta</b>	(5.581.911)	25.876.531
Innborgaðir vextir og arður .....	3.960.034	3.147.845
Greiddir vextir .....	(557.019)	(760.945)
Greiddir skattar .....	(1.811.601)	0
	(3.990.497)	28.263.431
Fjárfestingahreyfingar .....	(22.819.038)	(12.351.633)
Fjármögnunarahreyfingar .....	11.793.283	(1.279.991)
	(11.025.755)	(13.631.624)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....	(15.016.252)	14.631.807
Handbært fé í ársbyrjun .....	32.850.962	18.219.155
Handbært fé í árslok .....	17.834.710	32.850.962

# Skýringar

## 19. Rekstrarreikningur deilda árið 2014

	BSSL Aðalskrifstofa	Kynbóta- stöð	Sauðfjár- sæðingastöð	Bænda- bókhald
<b>REKSTRARTEKJUR:</b>				
Seld þjónusta og afurðir .....	43.031.256	90.426.558	10.798.665	25.243.155
Starfsfé .....	20.173.831	8.566.278	1.828.152	0
Aðrar tekjur .....	9.628.193	0	0	0
	<u>72.833.280</u>	<u>98.992.836</u>	<u>12.626.817</u>	<u>25.243.155</u>
<b>REKSTRARGJÖLD:</b>				
Rekstrarvörur .....	(615.362)	(36.748.199)	(1.863.309)	0
Laun og annar starfsm.k. ....	(43.205.843)	(35.676.866)	(3.017.416)	(22.505.789)
Bifreiða- og ferðakostnaður .....	(9.629.136)	(17.646.741)	0	0
Annar rekstrarkostnaður .....	(18.482.238)	(7.315.144)	(8.372.136)	(2.955.800)
Afskriftir .....	(2.766.411)	(2.601.930)	0	0
	<u>(74.698.990)</u>	<u>(99.988.880)</u>	<u>(13.252.861)</u>	<u>(25.461.589)</u>
<b>Rekstrartap .....</b>	<b>(1.865.710)</b>	<b>(996.044)</b>	<b>(626.044)</b>	<b>(218.434)</b>
Hlutdeild í afkomu dótturf. ....	16.303.551	0	0	0
Fjármunatekjur .....	357.123	621.468	94.435	267.068
Fjármagnsgjöld .....	(122.649)	(53.317)	(5.949)	(151.700)
Markaðsverðbréf .....	1.672.447	547.279	106.747	0
<b>Hagnaður, (tap) fyrir skatta .....</b>	<b>16.344.762</b>	<b>119.386</b>	<b>(430.811)</b>	<b>(103.066)</b>
Tekjuskattur .....	127.612	0	0	0
<b>Hagnaður, (tap) .....</b>	<b>16.472.374</b>	<b>119.386</b>	<b>(430.811)</b>	<b>(103.066)</b>





# Búnaðarsamband Suðurlands

## Hagnýtar upplýsingar



Heimilisfang:  
Austurvegi 1  
800 Selfoss

Aðalsími  
480 1800

### Starfsfólk:

### Netföng

### Sími

Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri, gsm 894 7146	<a href="mailto:sveinn@bssl.is">sveinn@bssl.is</a>	480 1801
Helga Sigurðardóttir, bókhald, netsjórn, ofl.	<a href="mailto:helga@bssl.is">helga@bssl.is</a>	480 1804
Halla Kjartansdóttir, tunkortagerð ofl.	<a href="mailto:hk@bssl.is">hk@bssl.is</a>	480 1820
Brynja Marvinsdóttir, móttaka, skráning ofl.	<a href="mailto:bssl@bssl.is">bssl@bssl.is</a>	480 1800

### Starfsmenn bændabókhalds og starfsstöð

Ólafur Þór Þórarinsson, Selfossi	<a href="mailto:oli@bssl.is">oli@bssl.is</a>	480 1802
Skafti Bjarnason, Selfossi	<a href="mailto:skafti@bssl.is">skafti@bssl.is</a>	480 1830
Sigríður Emilsdóttir, Selfossi	<a href="mailto:sigridur@bssl.is">sigridur@bssl.is</a>	480 1832
Kristín Björnsdóttir, Selfossi	<a href="mailto:kristin@bssl.is">kristin@bssl.is</a>	480 1831
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólkoti	<a href="mailto:eikiblei@mi.is">eikiblei@mi.is</a>	486 8987
Sigurlaug Jónsdóttir, Kirkjubæjarklaustri	<a href="mailto:sigurlaug@bssl.is">sigurlaug@bssl.is</a>	480 1819
Sigrún Böðvarsdóttir, Kirkjubæjarklaustri	<a href="mailto:sigrun@bssl.is">sigrun@bssl.is</a>	480 1819

### Starfsmenn Kynbótastöðvar Suðurlands og starfssvæði:

Bragi Ágústsson	Hluti Flóa, Skeið, Vesturhluti Árn.	871 2056
Úlfhéðinn Sigurmundsson	Hreppar, hluti Tungna	871 5563
Halldór Eiðsson	Rangárþing frá V-Landeyjum. Hluti Flóa	871 8611
Smári Tómasson	Frá Vík að vesturhluta Landeyja	871 1410
Sigríður Böðvarsdóttir	Skaftárhreppur	871 4719

### Klaufskurður KS, pantanir [thorsteinn82@simnet.is](mailto:thorsteinn82@simnet.is)

Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti (pantanasími)	867 4104
Birkir Þrastarson, Hæli	897 4482

### Tilraunabúið Stóra-Ármóti:

Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson, bústjórar	482 1058
--	----------

### Sauðfjársæðingastöðin Þorleifskoti:

Sveinn Sigurmundsson,	480 1801
-----------------------	----------

**Minum á heimasíðuna [bssl.is](http://bssl.is)**

**Áhugavert efni má senda á [helga@bssl.is](mailto:helga@bssl.is)**